

101. Alþjóðavinnumálalæpingið í Genf 2012

**Skýrsla velferðarráðherra
Guðbjarts Hannessonar
til Alþingis**

**Velferðarráðuneytið
febrúar 2013**

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. 101. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2012	5
2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA	5
2.2. KJÖRBRÉFANEFND	7
2.3. RÆÐUR.....	8
2.4. FJÁRMÁL	10
2.5. FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA.....	11
2.6. LÁGMARKSRÉTTUR TIL FÉLAGSLEGRAR VERNDAR OG	14
VELFERÐAR.....	14
2.7. ATVINNMÁL UNGS FÓLKS.....	15
2.8 SKÝRSLA UM FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA UM GRUNDVALLARRÉTTINDI Í ATVINNULÍFINU.....	16
Fylgiskjal 1	19
Tilmæli nr. 202, um lágmarksrétt til félagslegrar verndar	19
Fylgiskjal II.	25
Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar	25
á árunum 2009 - 2012.	25
Fylgiskjal III.....	30
Samþykktir Alþjóðavinnuálagingsins 1919–2012.....	30

Skýrsla

velferðarráðherra, Guðbjarts Hannessonar, til Alþingis um þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) sem haldið var árið 2012.

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

I INNGANGUR

Með 101. Alþjóðavinnuálagningu lauk Juvan Somavía starfsferli sínum sem forstjóri skrifstofu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf. Þótt á stundum hafi blásið um hann vindar og ekki allir sátir við störf hans verður ekki horft framhá því að fáir forstjórar alþjóðavinnuálastofnunarinnar hafa á síðari árum náð jafn góðum árangri sem hann í að vekja athygli á samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og halda á lofti þeim gildum sem hún stendur fyrir í alþjóðlegu samstarfi. Baráttan sem háð var undir yfirskriftinni mannsæmandi vinnuskilyrði er gott dæmi um þetta. Markmið hennar er að allir hafi tækifæri til að vinna arðbært starf, sem gefi tekjur til framfærslu, sem og öryggi og heilbrigði á vinnustað, almannatryggingar fyrir fjölskyldu, aðstæður til að bæta hæfni og öðlast frama í starfi. Einnig til þátttöku í samfélaginu, hafa tækifæri til að tjá skoðanir, félagafrelsi, þátttöku í ákvarðanatöku, sem hefur áhrif á líf og starf sem og jafnrétti og jöfn tækifæri karla og kvenna. Þetta er í raun kjarninn í starfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Juvan Somavía fæddist í Síle árið 1941. Eftir nám við ýmsa háskóla bæði í Suður-Ameríku og Evrópu hóf hann starfsferil sem prófessor við stjórnmálafræðideild Kapólska háskólans í Síle. Eftir það lá leiðin í utanríkisþjónustuna. Þar biðu hans mörg verkefni ekki síst eftir að hann varð fastafulltrúi Síle gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York. Meðal annars varð Juvan Somavía formaður undirbúningsnefndar fyrir frægan leiðtogafund sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 1995 um þróun félagsmála. Hann var fyrst kjörinn forstjóri alþjóðavinnuálastofnunarinnar á fundi stjórnarnefndar ILO í mars 1995 og síðan endurkjörinn 2003 og 2008.

Formleg forstjóraskipti alþjóðavinnuálastofnunarinnar fóru fram 1. október 2012. Við starfinu tók Guy Ryder. Hann er 10. forstjörinn í sögu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá árinu 1919 og sá fyrsti sem kemur úr röðum launafólks. Guy Ryder var formaður Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga (ITUC) á árunum 2006-2010. Þar áður var hann formaður Alþjóðasambands frjálsra verkalýðssamtaka (ICFTU) frá 2002-2006. Guy Ryder þekkir vel til hjá Alþjóðavinnuálastofnuninni. Hann hefur tekið þátt í fjölda Alþjóðavinnuálagninga og gengt ýmsum trúnaðarstörfum hjá Alþjóðavinnuálastofnuninni m.a. starfi aðstoðarforstjóra frá árinu 2010. Verkefni hans fólust í stjórn skrifstofu sem fer með eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum ILO. Þá var hann skrifstofustjóri á skrifstofu sem fjallar um málefni launafólks á árunum 1998-1999 og skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra á árunum 1999-2002. Guy Ryder hefur einnig leitt nokkrar nefndir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem hafa rannsakað meint brot aðildarríkja á alþjóðasamþykktum og m.a. farið til Bahrein, Fidjeyja, Kólumbíu, Grikklands, Georgíu, Burma og Svasílands. Með vali Guy Ryder í stól forstjóra alþjóðavinnuálastofnunarinnar er staðfest á táknrænan hátt það samstarf ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og samtaka

launafólks sem fram fer á vettvangi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og skapar henni sérstöðu á meðal stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Hnattvæðingin með kostum og göllum hefur á undanförunum árum verið eitt af aðalviðfangsefnum Alþjóðavinnuálagstofningsins. Um miðjan síðasta áratug birti Alþjóðavinnuálagstofnunin skýrslu sem ber heitið *Samngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri*. Í skýrslunni er að finna fjölmargar tillögur sem beinast að þeim aðilum sem hafa mest áhrif á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Skýrslan markaði upphafið að mótun stefnu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar gagnvart alþjóðavæðingunni. Kjarni þeirrar stefnu fólst í að deila árangri af hnattvæðingu á samngjarnan hátt á milli atvinnurekenda og launafólks m.a. með virkri framkvæmd grundvallarsamþykktu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Frá árinu 2008 hefur áherslan verið á þætti sem miða að því að milda áhrifin af ókostum hnattvæðingarinnar þegar illa árar. Samtenging atvinnu- og efnahagslífs hefur leitt í ljós að enginn er eyland í yfirstandandi banka- og fjármálakreppu. Þörfin fyrir samræmdar aðgerðir á alþjóðavísu á sviði félags- og fjármála er sennilega brýnni en nokkru sinni fyrir í sögunni. Því kalli hafa Alþjóðavinnuálagstofnunin og Alþjóðavinnuálagþingið svarað með samþykktum, tilmælum og tillögum sem hafa verið teknar til umfjöllunar á alþjóðafundum og ráðstefnum, m.a. á fundum helstu efnahags- og iðnríkja heimsins.

Starf Alþjóðavinnuálagþingsins fer að mestu fram í þingnefndum ekki ólíkt því sem gerist á þjóðþingum aðildarríkjanna. Alla jafna er starf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu umfangsmest. Að þessu sinni settu deilur fulltrúa atvinnurekenda og launafólks mark sitt á störf þingnefndarinnar. Starfshættir nefndarinnar eru þannig að fyrst er almenn umræða um skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum ILO. Síðan taka við umræður um yfirlitsskýrslur. Að þeim loknum er farið yfir mál sem snerta skýrslugjöf aðildarríkjanna til alþjóðavinnuálagskrifstofunnar í Genf og til löggjafarsamkomu hlutadeigandi aðildarríkis. Meginverkefni nefndarinnar felst í að fara yfir skrá 25 mála sem tengjast framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum ILO. Þessi skrá verður til í viðræðum fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Í fyrsta sinn í 82 ára sögu þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu mistókst fulltrúum atvinnurekenda og launafólks að ná samkomulagi um þessa skrá. Þar af leiðandi var ekki fjallað um framkvæmd einstakra ríkja á samþykktum á 101. Alþjóðavinnuálagþinginu.

Nefnd um atvinnuálag ungs fólks afgreiddi tillögu um það efni til allsherjarþings vinnuálagþingsins sem var samþykkt einróma. Með tillögunni er skorað á ríkisstjórnir og samtök aðila vinnuálagþingsins að grípa þegar í stað til markvissra aðgerða á nýjum sviðum. Með hliðsjón af versnandi stöðu ungs fólks á vinnuálagþingnum vegna samdráttar í efnahagslífinu er þörf á endurmati á forgangsmálum. Leggja þarf ríkari áherslu á að auka hagvöxt sem skapi eftirspurn eftir vinnuálagi sem allir eru sammála um að sé forsenda þess að takast megi á við þann vanda sem felst í atvinnuleysi ungs fólks.

Á 101. Alþjóðavinnuálagþinginu var stigið enn eitt skrefið í framkvæmd stefnunnar um viðbrögð við hnattvæðingunni. Þingið afgreiddi tilmæli um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar. Þau eru leiðbeinandi en ekki skuldbindandi fyrir aðildarríkin við mótun, uppbyggingu og viðhaldi lágmarks almannatryggingakerfis sem tryggir aðgang að heilsugæslu og lágmarks framfærslu allra þjóðfélagsþegna. Gildi þeirra felst m.a. í því að koma þeim til aðstoðar sem standa lakast að vígi í samfélaginu og sæta mismunun af margvíslegum toga. Einnig er lögð áhersla á að stjórnvöld hafi náð samráð við samtök aðila vinnuálagþingsins við að hrinda í framkvæmd markmiðum sem sett eru í tilmælunum. Mælt er með því að skilgreindur sé lágmarksréttur til félagslegrar verndar. Það verði vernd almannatrygginga á landsvísu sem miðar að því að koma í veg fyrir eða draga úr fátækt, varnarleysi og félagslegri útskúfun. Síðar eru lagðar línur um það hvaða kröfur skuli

uppfylla við framkvæmd tilmælanna. Komið verði á kerfi almannatrygginga sem byggi á félagslegum framlögum og að mælt sé fyrir í lögum um rétt til bóta og að bætur séu nægilegar og fyrirsjáanlegar. Gæta þurfi að jafnræði og jafnrétti kynja og að þörfum fyrir sérúrræði sé mætt með skilningi. Allir í neyð hafi aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og séu tryggðar tekjur fyrir nauðsynlegri vöru og þjónustu samkvæmt skilgreiningu hlutaðeigandi aðildarríkis. Þannig hafi þeir einstaklingar framfærslu sem ekki geta unnið sér inn nægar tekjur vegna veikinda, atvinnuleysis, á meðgöngu, vegna fæðingar og eða vegna fötlunar. Í samræmi við stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru í fylgiskjali I með þessari skýrslu til Alþingis, birt tilmæli nr. 202, um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar. Tilmælin verða send starfshópi velferðarráðuneytisins um endurskoðun almannatryggingalaga til athugunar með það að markmiði að tekið verði tillit til þeirra eftir föngum við endurskoðun laga um almannatryggingar.

2. 101. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2012

2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Formleg setning 101. þings Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, Alþjóðavinnuálaþingsins, fór fram að morgni miðvikudagsins 30. maí 2012 í Þjóðabandalagshöllinni í Genf. Þinginu var slitið föstudaginn 14. júní 2012. Að stærstum hluta fór þingið fram í Þjóðabandalagshöllinni en eins og nokkur undanfarin ár fóru fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla, fram í byggingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Samkvæmt skýrslu kjörbréfanefndar þingsins tóku samtals þátt í þinginu rúmlega fimm þúsund og þrjú hundruð þingfulltrúar (5.327). Til samanburðar má geta þess að árið áður voru þingfulltrúar 5.469 og 5.134 árið 2010. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar ber aðildarríki sem ákveður að taka þátt í þinginu að senda til þess sendinefnd sem skipuð er a.m.k. fjórum fulltrúum. Í henni eiga að sitja annars vegar fulltrúi samtaka atvinnurekenda og hins vegar fulltrúi launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Af 180 aðildarríkjum sendu 170 sendinefndir til þingsins. Meðal þátttakenda var 151 ráðherra eða aðstoðarráðherra.

Dr. Rafael Francisco Alburquerque de Castro, varaforseti Dóminíska lýðveldisins, var kosinn forseti Alþjóðavinnuálaþingsins. Varaforsetar voru kjörnir: Rajab Sukayri, sendiherra Jórdaníu gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, úr röðum fulltrúa ríkisstjórna, Blaise Matthey, fulltrúi atvinnurekenda í Sviss, og Francis Atwoli, fulltrúi launafólks í Keníu.

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnuálaþinginu voru: Frá velferðarráðuneyti: Gylfi Kristinsson sérfræðingur. Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn F. Árnason sendiherra, Finnur Þór Birgisson sendifulltrúi og Veturliði Þór Stefánsson sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda var Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins, og varamaður hennar Álfheiður Mjöll Sívertsen, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands og varamaður hans Marianna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
- II. Fjárhags- og starfsáætlun.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla.
- IV. Lágmarksréttur til félagslegrar verndar og velferðar.
- V. Atvinnuleysi ungs fólks (almenn umræða).
- VI. Framkvæmd yfirlýsingar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu.
- VII. Kjörbréf.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar verulegar breytingar á skipulagi Alþjóðavinnumálaþingsins. Markmiðið hefur verið að auka skilvirkni og spara fjármuni með því að stytta þingið sem fyrir nokkrum árum stóð í röskar þrjár vikur. Þetta hefur tekist og stendur það nú í um rúmar tvær vikur. Almennar umræður um skýrslu stjórnarnefndar og forstjóra hafa verið dregnar saman og fara fram síðustu þingvikuna. Þótt ræðutími hafi verið stytur hefur teygst úr þingfundum sem oft standa fram á kvöld. Gallar hafa því komið ljós en flestir eru á því að kostirnir vegi þyngra. Á síðari árum hefur nokkuð borið á því að fulltrúar séu ekki tilbúnir til að vera fjarri fjölskyldum sínum dögum eða vikum saman. Óumflýjanlegt var því að bregðast við óskum um styttingu þingtímans. Endurskipulagning Alþjóðavinnumálaþingsins, með það að markmiði að stytta þingið, hefur kallað á óformleg fundahöld í aðdraganda þess. Tveimur til þremur dögum fyrir þingið er varið til slíkra undirbúningsfunda. Við það er miðað að talsmenn hópanna þriggja í sendinefndum aðildarríkjanna, sem eiga aðgang að þinginu, taki þátt í fundunum. Þessi tilhögun leiðir til nokkurs sparnaðar fyrir þau aðildarríki sem senda fjölmennar sendinefndir en kemur út á eitt fyrir smærri ríki sem senda lágmarksfjölda fulltrúa til þingsins. Haldnir voru óformlegir fundir fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Á þessum fundum er leitað samkomulags um skipan trúnaðarstarfa á þinginu og kosnir fulltrúar hópanna gagnvart starfsfólki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þeim er einnig gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinnna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla, nefndar um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar, nefndar um atvinnumál ungs fólks, nefndar um framkvæmd yfirlýsingar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu, kjörbréfanefndar og nefndar um framvindu þingsins.

2.2 KJÖRBRÉFANEFND

Ein af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins er kjörbréfanefnd. Hlutverk hennar er að fylgjast með því að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda á þinginu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríki að senda að lágmarki sendinefnd fjögurra fulltrúa til þingsins. Tveir þeirra eru fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar, einn fulltrúi helstu samtaka atvinnurekenda og einn fulltrúi helstu samtaka launafólks. Heimilt er að skrá ráðgjafa til þátttöku í þinginu. Reglur um það efni er að finna í 2. mgr. 3. gr. Þar segir m.a. að sérhver þingfulltrúi geti notið aðstoðar allt að tveggja ráðgjafa fyrir hvert málefni á dagskrá þingsins. Af þessu ákvæði leiddi að á 101. Alþjóðavinnumálaþinginu hafði sérhver þingfulltrúi heimild til að taka með sér allt að átta ráðgjafa. Skylt er að hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni.

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir þrír fulltrúar. Fulltrúi ríkisstjórna gegnir formennsku. Að þessu sinni voru eftirtaldir aðilar kjörnir til setu í nefndinni: Kouka Célestin Savadogo, fulltrúi ríkisstjórnar Burkina Faso, formaður. Jörgen Rönness fulltrúi atvinnurekenda í Danmörku og Trine Lise Sundnes fulltrúi launafólks í Noregi.

Kjörbréfanefndin fjallaði á þinginu um níu kvartanir. Kvartað var yfir því að ríkisstjórn Brasílu hafði ekki staðið straum af ferðakostnaði ráðgjafa fulltrúa launafólks á þinginu. Eftir nokkur bréfaskipti féllust stjórnvöld á að greiða ferðakostnaðinn og kváðust leita leiða til að koma í veg fyrir að þessi staða kæmi upp í framtíðinni.

Spænsk verkalyðssamtök kvörtuðu undan því að misvægi væri á milli fjölda ráðgjafa ríkisstjórnarinnar sem kostaðir væru til þingsins og ráðgjafa samtaka launafólks. Hliðstæð kvörtun barst nefndinni frá fulltrúa samtaka launafólks á Ítalíu. Talsmenn ríkisstjórna þessara landa bentu á að vegna fjárhagsþrenginga hafi reynst nauðsynlegt að takmarka fjölda ráðgjafa sem kostaðir væru til þátttöku í þinginu. Skýringin á fjölda ráðgjafa á vegum ríkisstjórnanna fælist í því að þeir skiptust á að taka þátt í þinginu og einnig væri um að ræða fulltrúa frá fastanefndum landanna í Genf. Í fyrra tilvikinu taldi nefndin að ríkisstjórn Spánar hafi lagt fram sannfærandi gögn máli sínu til stuðnings og að ekki hafi verið teljandi misvægi á fjölda fulltrúa í sendinefnd landsins á þinginu. Niðurstaðan varð önnur hvað Ítalíu varðaði. Kjörbréfanefndin vakti athygli á því að þetta væri fjórða árið í röð sem kvartað væri yfir skipan sendinefndar Ítalíu. Í niðurstöðum hennar kom fram að með hliðsjón af því að Ítalía er í hópi öflugustu iðnríkja heimsins séu efnahagsleg rök ekki sannfærandi. Nefndin kvaðst vænta þess að ítölsk stjórnvöld forgangsraði þannig að samtök aðila vinnu-markaðarins hafi tækifæri til að taka þátt í Alþjóðavinnumálaþinginu með fullnægjandi hætti.

Á undanförunum árum hefur kjörbréfanefndin staðið í sérkennilegum málarekstri við stjórnvöld í Pálmamottulandi (Djíbútí). Hann hófst á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2006. Það ár komu fram athugasemdir við val á þingfulltrúum aðila vinnu-markaðarins í Pálmamottulandi. Kjörbréfanefndin óskaði eftir því við ríkisstjórnina að hún skilaði á 96. vinnumálaþinginu ítarlegri greinargerð um það hvernig staðið sé að vali fulltrúanna. Greinargerðin skilaði sér ekki. Á 101. Alþjóðavinnumálaþinginu hélt málið áfram. Kjörbréfanefndin endurtók fyrri óskir. Allt kom fyrir ekki. Engin greinargerð barst frá ríkisstjórninni frekar en fyrri daginn. Það úrræði sem nefndin grípur til í tilvikum sem þessum er að svipta fulltrúa ríkisstjórnarinnar atkvæðisrétti á þinginu.

Það kvað við annan tón í samskiptum nefndarinnar við stjórnvöld í Burma (Myanmar). Málefni Burma hafa verið nokkuð umfangsmikil á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrst og fremst í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar vegna brota á samþykktum um afnám nauðungarvinnu. Einnig hefur skipun sendinefndar ríkisins komið til

umfjöllunar í kjörbréfanefndinni. Herforingjastjórnin, sem hefur stýrt landinu um áratuga-skeið, hefur haft sína hentisemi varðandi val á fulltrúum til þátttöku í Alþjóðavinnu-málaþinginu og hefur einu gilt hvort um hefur verið að ræða fulltrúa ríkisstjórnarinnar eða samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þar sem ekki hefur verið fylgt reglum í stofnskrá Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar hafa fulltrúar Burma oftast en ekki verið án atkvæðisréttar en notið málfrelsis á Alþjóðavinnu-málaþinginu. Að þessu sinni var kjörbréfanefndin í stöðu til að lýsa yfir ánægju með val á fulltrúum í sendinefnd Burma. Á fundi nefndarinnar hafði komið fram að stjórnvöld hafi haldið sérstakan kjörfund 1. maí 2012 með þátttöku 15 helstu samtaka launafólks í landinu í því skyni að velja fulltrúa á 101. Alþjóðavinnu-málaþingið. Þótt samanlögð félagatala samtakanna sé ekki há, hvorki í raun né hlutfallslega, þykir þetta augljóst merki um að stjórnvöld stefni í lýðræðisátt. Kjörbréfanefndin samþykkti kjörbréf fulltrúanna en lýst jafnframt yfir þeirri von sinni að samtök aðila vinnumarkaðarins megi eflast þannig að þau séu raunveruleg samtök atvinnurekenda og launafólks í landinu.

Auk þeirra kærumála sem þegar er getið var kvartað yfir vali fulltrúa launafólks í sendinefndum Kamerún, Kosta-Ríka, Pálmamottulands, Egyptalands, Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Gabon, Gvatemala, Míritaníu, Filippseyja og Venesúela. Kvartað var yfir vali á fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndum Kirgistan, Rúmeníu og Venesúela.

2.3 RÆÐUR

Forstjóri alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar býður þjóðarleiðtogum sem hafa sýnt félags- og vinnu-málum sérstakan áhuga til Alþjóðavinnu-málaþingsins. Að þessu sinni var eftirtöldum aðilum boðið til þingsins: Aura Chinchilla Miranda, forseta Kosta Ríku, Felipe de Borbón y Gerecia, prins af Austuríu og krónprins Spánar, Mohamed Moncef Marzouki, forseta Túnís, Michael Chilufya Sata, forseta Sambíu, Ollanta Humala Tasso, forseta Perú, Klaus Schwab, stofnanda og stjórnarformanni Alþjóðæfnahagsráðsins og Aung San Suu Kyi, formanni Lýðræðisfylkingarinnar í Burma.

Klaus Schwab, stjórnarformaður Alþjóðæfnahagsráðsins, gerði að umtalsefni í ræðu sinni hin margslungnu og sífellt flóknari tengsl í síminnkandi heimi þar sem þróunin í átt til borgarsamfélaga væri sífellt hraðari. Krafa hagsmunaaðila um að taka þátt í ákvörðunum sem snerti þá sjálfa yrði sífellt háværari. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að Alþjóðavinnu-málastofnunin væri sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem kæmist næst þeirri gerð alþjóða-samtaka sem ráðið mæli með. Að því er varðar frumkvæði og nýsköpun, sem er forsenda þess að geta tekist á við aðsteðjandi vanda í atvinnu- og efnahagsmálum, lagði hann áherslu á samstarf atvinnurekenda við ríkisstjórnir, með hliðstæðum hætti og gert er á vettvangi Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, sem og hagsmunasamtök í því skyni að skapa nauðsynlegt afl til umbóta í heiminum.

Í ræðu forstjóra ILO, Juan Somavia, þegar hann bauð Ollanta Humala Tasso, forseta Perú, velkominn til þingsins kom fram að landið hefur náð umtalsverðum árangri á allra síðustu árum í atvinnu- og efnahagsmálum. Hagvöxtur hefur verið allnokkur, tekist hefur að draga úr fátækt um þriðja af hundraði og lágmarkslaun hafa verið hækkuð um tuttugu af hundraði. Forsetinn fjallaði í ræðu sinni um áætlun um liðsinni við það fólk í Perú sem stendur hvað lakast í samfélaginu. Þar skipti menntun mestu máli en auk þess verður lögð áhersla á að styrkja innviði félagslegra þjónustustofnana sem og atvinnusköpun. Atvinnu-mál ungs fólks voru honum ofarlega í huga einkum þess hluta sem býr við fátækt. Forsetinn lýsti kunnuglegu vandamáli sem mætir þessum hópi við atvinnuleit. Það er krafan um skírteini sem votta menntun og starfsreynslu. Fram kom að stjórnvöld í Perú hafa sett sér það markmið að bæta stöðu 250 þúsund ungra atvinnuleitenda á næstu fimm árum.

Forseti Sambíu, Michael Chilufya Sata, vakti athygli fyrir óvenju hressilegan og skemmtilegan ræðustíl. Hann er fyrrverandi vinnu-málaráðherra og var í forystu fyrir

stjórnarandstöðunni í landinu í um áratug. Á þeim tíma mátti hann sæta því að vera hneppur í fangelsi nokkrum sinnum af stjórn málaástandum. Það hefur ekki sett mark á framkomu hans. Ræðan var krydduð glettni og kímni sem vakti kátínu meðal áheyranda. Kjarninn í ræðunni fjallaði um það umbótastarf sem unnið hefur verið í Sambíu á undanförunum árum. Fram kom að flokkur forsetans hafi gert eins konar samning við fólkið í landinu um að lækka skatta, fjölga störfum og auka ráðstöfunarfé almennings. Þetta hafi hlotið góðar undirtektir og ríkisstjórnin fengið endurnýjað umboð í nýafstöðnum kosningum. Stjórnvöld hafa staðið fyrir uppbyggingu skólakerfisins meðal annars í því skyni að skapa þeim sem hafa flosnað frá námi annað tækifæri til að afla sér starfsmenntunar. Þau hafa einnig tekið upp samstarf við atvinnurekendur um ráðningu ungs fólks í starfsþjálfun eða sem lærlinga.

Það voraði í stjórn mála í Mið-Austurlöndum veturinn 2011-12. Atburðirnir í Túnis þann 17. desember 2011 hleyptu skriðunni af stað. Einn af þeim sem lék þýðingarmikið hlutverk í þeirri lýðræðisbyltingu sem átti sér stað var lækurinn Moncef Marzouki. Hann var einn þeirra sem boðið var til Alþjóðavinnuálagingsins sem forseta Túnis og baráttumanni fyrir lýðræði og mannréttindum. Hann hóf ræðu sína með því að þakka Juvan Somavía fyrir árangursríkt og farsælt starf í 14 ár sem forstjóri alþjóðavinnuálagingsstofunnar í Genf. Hann gat þess að Alþjóðavinnuálagingsstofnunin hafi verið ein fyrsta alþjóðastofnunin sem lýsti yfir samstöðu með lýðræðisfylkingunni í Túnis. Fram kom að ILO hafi tekið virkan þátt í að koma á samningaviðræðum á milli aðila vinnuálagingsins í landinu, tekið þátt í gerð áætlana um atvinnuálag ungs fólks og kvenna. Hann lagði áherslu á að það sem gerst hafi í Túnis og annars staðar í Mið-Austurlöndum væri til merkis um það að þjóðir Araba muni ekki lengur setta sig við spillt klíkuveldi sem héldi almenningi í fátækt og vesöld.

Fram kom hjá Juvan Somavía, forstjóra alþjóðavinnuálagingsstofunnar, þegar hann bauð Felipe de Borbón y Grecia, prins af Asturias og krónprins Spánar, velkominn á Alþjóðavinnuálagingsstofnunina að það væri meðal annars til að þakka spænsku konungsfjölskyldunni fyrir samvinnu við Alþjóðavinnuálagingsstofnunina í 13 ár. Ástæðan væri einnig sú að ekkert aðildarríki hafi fullgilt fleiri samþykktir Alþjóðavinnuálagingsstofnunarinnar en Spánn eða 111 talsins. Spánn væri einnig á meðal þeirra ríkja sem hafi lagt hvað mest af mörkum til tækniástoðar ILO einkum í ríkjum Suður-Ameríku. Þá hafi spænska ríkið, einkum konungsfjölskyldan, tekið virkan þátt í aðgerðum til að takast á við barnavinnu í heiminum. Forstjórinn lýsti yfir samstöðu með spænsku þjóðinni í þeim efnahagsþvingingum sem hún væri í um þessar mundir. Pelipe de Borbón y Grecia þakkað góð orð í sinn garð og spænsku konungsfjölskyldunnar. Hann minnti á þann mikla árangur sem Alþjóðavinnuálagingsstofnunin hafi náð á starfstíma sínum við að vernda hagsmuni þeirra sem standa lakast að vígi í samfélaginu. Mætti þar nefna aðgerðir gegn atvinnuleysi, baráttu fyrir mannréttindum, uppbyggingu stofnana, sem nauðsynlegar eru í lýðræðislegu réttarríki, og síðast en ekki síst þátt stofnunarinnar í að bæta vinnuástandur karla og kvenna í heiminum. Prinsinn fjallaði um erfiðleika í efnahags- og félagsmálum á Spáni og annars staðar í heiminum.

Síðasti gesturinn sótti Alþjóðavinnuálagingsstofnunina heim á síðasta þingdeginum, 14. júní 2012. Ekki var örgrnt um að þingheimur hafi beðið þessarar heimsóknar með nokkurri eftirvæntingu enda var hvert sæti skipað í þingsalnum. Þessi gestur var Aung San Suu Kyi formaður Lýðræðisshreyfingarinnar í Burma. Frá því kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku leið undir lok hafa fá málefni fengið jafnmikla athygli á vettvangi ILO og ástandið í Burma. Þar vegur þyngst viðvarandi brot á öllum helstu grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnuálagingsstofnunarinnar, ekki síst á samþykktum sem snerta nauðungarvinnu og félagafrelsi. Þeim þætti er lýst nánar á öðrum stað í þessari skýrslu. Þetta var fyrsta heimsókn Aung San Suu Kyi til Evrópu í 24 ár. Stærstan hluta þess tíma hefur hún annað hvort setið í fangelsi eða verið í stofufangelsi vegna stjórn málaástanda sinna. Hún var látin

laus seinni hluta árs 2010. Í apríl 2012 var hún kjörin á burmiska þingið í aukþingkosningum. Í þakklætisskyni fyrir aðstoð Alþjóðavinnuálastofnunarinnar gegn kúgun herforingjastjórnarinnar í Burma kaus hún að halda sína fyrstu ræðu utan heimalandsins á Alþjóðavinnuálaþinginu. Aung San Suu Kyi hóf ræðu sína á því lýsa hversu hræð hún væri yfir móttökunum. Hún lýsti samstarfi sínu við Alþjóðavinnuálastofnunina sem hafi staðið í fjölda ára. Stofnunin væri einstök að því leyti að í henni væru sameinuð efnahagsleg, félagsleg og stjórnmálaleg málefni. Þar af leiðandi væri það viðeigandi fyrir hana að ræða um þau tækifæri sem breyttar aðstæður í heimalandi hennar byðu upp á. Stærstum hluta ræðunnar varði hún í að ræða um framtíðarhorfur Burma. Hún kvaðst vilja sjá fjárfestingu í landinu sem styður við og eflir þróunina í átt að lýðræði. Enn fremur sterkar lýðræðislegar stofnanir sem tryggja mannréttindi. Það sé forsenda fyrir því að stjórnarhættir og stjórnsýsla sé gagnsæ, ábyrg og hlutlæg. Atvinnuleysi meðal ungs fólks var Aung San Suu Kyi ofarlega í huga eins og öðrum gestum sem ávörpuðu Alþjóðavinnuálaþingið. Hún sagði þó að það að vera án vinnu væri út af fyrir sig ekki jafn alvarlegt eins og að glata trúnni á framtíðina. Atvinnulaust ungt fólk bæri ekki traust til samfélags sem veitir því ekki tækifæri til að nýta þá hæfileika sem það býr yfir. Afleiðingin yrði fíkniefnaneysla og drykkjuskapur stefnulausra ungmenna sem eru full vonbrigða yfir tilgangsleysi lífsins. Hún sagði aðkallandi að efla starfsþjálfun tengda atvinnusköpun ef takast eigi að búa ungt fólk undir að axla ábyrgð sem óumflýjanlega muni falla því í skaut innan tíma sem ekki væri svo fjarlægur. Ræðan hafði greinilega sterk áhrif á þingheim sem þakkaði Aung San Suu Kyi með langvarandi lófaklappi og með því að rísa á fætur úr sætum sínum. Á seinni árum hafa fáir fengið jafn innilegar móttökur á Alþjóðavinnuálaþinginu og þessi smávaxna kona sem búin er að skipa sér á bekk með helstu baráttumönnum heimsins fyrir félagslegu réttlæti og mannréttindum.

2.4 FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnuálaþingsins hefur nokkra sérstöðu. Hún er eina þingnefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Á því er ein undantekning. Hin síðari ár hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar nefndin um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Starfs- og fjárhagsáætlun er til tveggja ára í senn. Af því leiðir að nefndin fjallar annað hvert ár um tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Þær umræður geta orðið nokkuð stormasamar. Þar takast venjulega á annars vegar fulltrúar þeirra ríkja, undir forystu Bandaríkjanna, sem leggja stofnuninni til mesta fjármagnið og hins vegar forstjóri alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem sækir stíft að fá rýmri fjárráð eftir langt tímabil niðurskurðar. Hitt árið fjallar nefndin um framkvæmd gildandi starfs- og fjárhagsáætlunar.

Formaður nefndarinnar var kosinn George M. Papadatos, sendifulltrúi í Fastnefnd Grikklands í Genf. Fulltrúi ríkisstjórnar Simbabwe, Lancaster Museka, var kjörinn varaformaður.

Þar sem starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árin 2012-2013 hafði verið afgreidd á 100. Alþjóðavinnuálaþinginu árið 2011 var fyrst og fremst farið yfir stöðu fjármála. Fram kom að í byrjun júní voru útistandandi árgjöld aðildarríkjanna rúmlega 207 milljónir svissneskra franka.

Árið 2013 er gert ráð fyrir því að heildartekjur af árgjöldum aðildarríkjanna verði rúmlega 354 milljónir svissneskra franka. Framlag Íslands nemur 0,042 hundraðshlutum af útgjöldum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem árið 2013 jafngildir 151 990 svissneskum frönkum. Samkvæmt reglum ILO fá skilvís aðildarríki afslátt af árgjaldinu. Af þessu leiðir að árgjald Íslands árið 2013 verður 148 123 svissneskir frankar.

2.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Mikilvægasta verkefni Alþjóðavinnumálaþingsins er afgreiðsla alþjóðasamþykktar og tilmæla þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur um vinnuskilyrði í atvinnulífinu. Samþykktirnar ganga ekki í gildi fyrr en tiltekinn fjöldi aðildarríkja hefur samþykkt fullgildingu þeirra með því að undirgangast þær skuldbindingar sem í þeim felast. Ein af þeim skuldbindingum sem fullgilding felur í sér er að aðildarríkið sendi alþjóðavinnu-málaskrifstofunni í Genf reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykktar sem það hefur fullgilt. Nefnd sérfræðinga á vegum ILO fer yfir skýrslurnar og skilar niðurstöðum sínum sem teknar eru til umfjöllunar í einni af fastanefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Sú fastanefnd fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum. Í raun er það þannig að fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu velja tiltekin mál úr niðurstöðum sérfræðinganna og eru þau sett á dagskrá þingnefndarinnar. Þar gefst talsmanni hlutaðeigandi ríkisstjórnar færi á að skýra mál sitt og síðan er mælendaskrá opnuð fyrir þá þingfulltrúa sem vilja tjá sig. Stundum getur slegið í brýnu og verið skiptar skoðanir um málefnið en yfirleitt fara umræður þrúðmannlega fram. Markmiðið er ekki að setja dómstól yfir ríkisstjórnunum. Fremur er reynt með skoðanaskiptum að hafa áhrif og stuðla að umbótum á þeim sviðum þar sem umbóta er þörf. Í langflestum tilvikum leiðir þetta verklag til árangurs þótt biðin kunnist stundum að vera löng.

Yfirleitt sátu 176 fullgildir fulltrúar fundi nefndarinnar (117 fulltrúar ríkisstjórna, 46 fulltrúar atvinnurekenda og 13 fulltrúar launafólks). Að auki sátu fundina 8 varafulltrúar ríkisstjórna, 46 varafulltrúar atvinnurekenda og 214 varafulltrúar launafólks. Loks voru á fundunum 32 áheyrnarfulltrúar ýmissa alþjóðasamtaka. Samtals voru það 414 sem áttu rétt til setu í nefndinni. Fundir fóru fram í fundarsal stjórnarnefndarinnar í byggingu alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar og var hvert sæti skipað og þröngt um þingfulltrúa.

Nefndin endurkaus Sérgio Paixao Pardo, fulltrúa ríkisstjórnar Brasilíu, sem formann. Varaformenn voru kosnir Christofer Syder, fulltrúi atvinnurekenda í Stóra-Bretlandi, og Marc Leemans, fulltrúi launafólks í Belgíu. David Katjaimo, fulltrúi ríkisstjórnar Namibíu, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Af Íslands hálfu tóku þátt í störfum nefndarinnar Álfheiður Mjöll Sívertsen, Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Deilur fulltrúa atvinnurekenda og launafólks settu sitt mark á störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar þetta árið. Starfshættir nefndarinnar eru þannig að fyrst er almenn umræða um skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum ILO. Síðan taka við umræður um yfirlitsskýrslur. Að þeim loknum er farið yfir mál sem snerta skýrslugjöf aðildarríkjanna til alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar í Genf og til löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis. Meginverkefni nefndarinnar felst í að fara yfir skrá þeirra u. þ. b. 25 mála sem tengjast framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum ILO. Eins og áður segir verður þessi skrá til í viðræðum fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Í fyrsta sinn í 82 ára sögu þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar tókst fulltrúum atvinnurekenda og launafólks ekki að ná samkomulagi um þessa skrá. Þar af leiðandi var ekki fjallað um framkvæmd einstakra ríkja á samþykktum á 101. Alþjóðavinnu-málaþinginu. Þess skal getið að fyrir lágu drög að skrá yfir mál 45 ríkja. Ísland var á þeirri skrá vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnu-mál fatlaðra. Þykir framkvæmd Íslands á samþykktinni geta verið öðrum ríkjum til fyrirmyndar.

Hér á eftir fer lýsing á því í hverju deila fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar felst.

Af hálfu talsmanns atvinnurekenda kom fram mikil óánægja með umfjöllun í skýrslu sérfræðinganefnar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um framkvæmd nokkurra alþjóðasamþykktanna sem eru skilgreindar í yfirlýsingu frá árinu 2008, um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna alþjóðavæðingu, sem grundvallarsamþykktir stofnunarinnar. Gagnrýni atvinnurekenda beindist að umfjöllun í greinum 117 til 161 í skýrslunni sem fjalla um verkfallsrétt. Í grein 117 taka sérfræðingarnir fram að verkföll séu nauðsynleg launafólki og samtökum þess til verndar hagsmunum þess en skoðanir séu mismunandi varðandi verkfallsréttinn. Þótt bein ákvæði um verkföll sé ekki að finna í samþykkt nr. 87 um félagafrælsi leiði rétturinn til að gera verkfall af efni hennar. Þetta sjónarmið er síðan ítrekað í grein 119 og á þeim grundvelli fjallað ítarlega um verkfallsréttinn í eftirfarandi greinum. Atvinnurekendur gerðu alvarlegar athugasemdir við þessa umfjöllun í skýrslunni með vísan til þess að verkföll séu ekki nefnd í samþykkt nr. 87 og því hafi sérfræðinganefnin ekki umboð til að túlka ákvæði samþykktarinnar. Samkvæmt 37. gr. í stofnskrá ILO sé það vald að leysa úr deilum um túlkun á samþykktum stofnunarinnar falið Alþjóðadómstólum í Haag. Talsmaður atvinnurekenda lýstu áhyggjum af því að yfirlitsskýrslu sérfræðinganna væri dreift um allan heim án samþykkis þingnefndarinnar. Þetta væri alvarlegt vegna þess að vísað væri til grundvallarsamþykktanna ILO í öðrum alþjóðasamningum og skjölum þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur ríkja að því er varðar félags- og vinnuálag. Þess var því krafist af hálfu atvinnurekenda að gefin yrði út opinber yfirlýsing um stöðu skýrslunnar og að sérfræðinganefnin hafi ekki túlkunarvald samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf hennar. Þar sem ekki var orðið við þeirri kröfu höfnuðu fulltrúar atvinnurekenda að taka þátt í umfjöllun um málefni einstakra ríkja þar sem réttur til að gera verkfall kom við sögu.

Talsmaður launafólks í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktanna lýsti öndverðri skoðun. Hann lagði áherslu á að rétturinn til að fara í verkfall væri óaðskiljanlegur hluti réttarins til að stofna félög og væri skilgetið afkvæmi samþykktar nr. 87. Þetta hafi sérfræðinganefnd ILO enn einu sinni staðfest og fært fyrir því vel útfærð rök að rétturinn til að fara í verkfall væri hluti af grundvallarréttindum í atvinnulífinu. Mikilvægt væri að minnast þess að sérfræðinganefnin væri ráðgjafarnefnd sem hafi að leiðarljósi grundvallarreglur um sjálfstæði, hlutlægni og óhlutdrægni. Sérfræðinganefnin muni ekki breyta fordæmisrétti sínum til að ganga erinda þeirra sem aðild eiga að stofnuninni eða einstakra aðildarríkja. Jafnvel þótt umboð sérfræðinganna feli ekki í sér heimild til túlkunar á alþjóðasamþykktum ILO sé henni engu að síður nauðsynlegt að brjóta til mergjar efni og innihald samþykktanna og láta í ljós álit sitt í því skyni að stuðla að réttaröryggi. Talsmaður launafólks sagði réttinn til að fara í verkfall hluta þess að njóta réttarins til að stofna félög. Án verkfallsréttarins hafi launafólk ekki tækifæri til að hafa áhrif á gerð kjarasamninga. Það að draga í efa að verkfallsrétturinn væri hluti af félagafrælsi gerði það að verkum að önnur réttindi væru í raun merkingarlaus.

Fjölmarginir fulltrúar ríkisstjórna tóku til máls um stöðuna í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktanna. Samhljómur var í ræðum þeirra um að lýsa yfir trausti á eftirlitskerfi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar með framkvæmd alþjóðasamþykktanna og tilmæla. Í máli nokkurra kom fram að þeim þótti vegið að bæði sérfræðinganefninni sem og starfsmönnum þingnefndarinnar og skrifstofu alþjóðavinnuálagskrifstofunnar sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktanna. Allir lögðu áherslu á að fulltrúar ríkisstjórna gætu ekki og vildu ekki eiga neina aðild að samningu skrár yfir framkvæmd ríkja á alþjóðasamþykktum sem tekin væri til umfjöllunar í þingnefndinni. Þess var eindregið óskað að skráin kæmi það snemma fram að fulltrúum ríkisstjórna gæfist færi á að undirbúa sig fyrir umræður í nefndinni. Því var einnig beint til fulltrúa atvinnurekenda og launafólks að koma með öllum ráðum í veg fyrir að hliðstætt deilumál komi upp að nýju að ári á næsta Alþjóðavinnuálagþingi.

Niðurstaða framangreindrar deilu var samkomulag um ályktunartillögu sem yrði lögð fyrir allsherjarþing Alþjóðavinnuálagingsins þar sem þingið beinir því til forstjóra að:

a. kynna fyrir stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagingsins þau sjónarmið sem fram hafa komið,

b. óska eftir því við stjórnarnefndina að hún grípi sem fyrst til viðeigandi aðgerða þar með talið óformlegra þríhliða samráðsfunda fyrir fund sinn í nóvember 2012.

Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt einum rómi bæði í þingnefndinni og á allsherjarþingi Alþjóðavinnuálagingsins.

Að auki varð að samkomulagi að þau 45 ríki sem voru á drögum að skrá yfir mál sem taka átti fyrir í þingnefndinni skili skýrslu til alþjóðavinnuálagingsins fyrir 1. september 2012 um framkvæmd á þeim samþykktum sem gert var ráð fyrir að fjalla um í nefndinni.

Þess skal getið að Ísland var á skrá yfir ríki sem ekki höfðu staðið við skuldbindingar varðandi skýrslugjöf til alþjóðavinnuálagingsins. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands lýsti því yfir í nefndinni að stefnt sé að því að málinu verði komið í lag fyrir Alþjóðavinnuálagingsið að ári.

Forstjóri ILO, Juvan Somavía, tók til máls á allsherjarþingi Alþjóðavinnuálagingsins 6. júní 2012 þar sem hann gerði stöðu mála í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu að umræðuefni. Forstjórinn gerði athugasemdir við þrjú atriði. Í fyrsta lagi hafi verið dregið í efa, í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu, að starfsmenn nefndarinnar hafi gætt óhlutdrægni, hlutleysis og jafnræðis í störfum sínum fyrir nefndina. Þetta hafi verið sett fram án rökstuðnings. Sagði forstjórinn þetta vera óviðeigandi og ósanngjarnt og lýsti yfir fullum stuðningi við starfsmennina sem væru framúrskarandi sérfræðingar í sínu sviði. Þá gerði hann athugasemd við þau ummæli að starfsmenn ættu að styðja vinnu sérfræðinganna en ekki að sérfræðingarnir ættu að styðja starf skrifstofu ILO sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktu. Sagði forstjórinn að með þessum ummælum sé verið að draga í efa hæfni og sjálfstæði sérfræðinganeftardarinnar. Forstjórinn minnti í þessu sambandi á hverjir skipuðu nefnd sérfræðinganna. Í þriðja lagi lýsti hann yfir vonbrigðum með að fulltrúar atvinnurekenda og launafólks hafi ekki náð samkomulagi um framangreinda skrá sem hafi leitt til óheppilegrar niðurstöðu fyrir alla aðila. Það að nefndin hafi ekki getað tekið til afgreiðslu mál á skránni, hafi leitt til þess að þingnefndin hafi ekki getað fjallað um alvarleg brot á réttindum í atvinnulífnum.

Þess skal einnig getið að töluverðar umræður urðu um skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu á allsherjarþingi Alþjóðavinnuálagingsins. Fulltrúi Íslands samdi drög að ræðu sem lagt var til að yrði flutt í nafni ríkisstjórna Norðurlandanna við þær umræður. Í ræðudrögum var m.a. lýst yfir stuðningi við eftirlitskerfi Alþjóðavinnuálagingsins. Ekki tókst samstaða meðal fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna um að rétt væri að flytja ræðuna. Þannig voru Danir og Norðmenn því andvígir en Svíar fylgjandi. Ræðan var því ekki flutt. Hún var í svipuðum anda og ræða sem fulltrúi ríkisstjórnar Bandaríkjanna flutti við þetta tækifæri.

Burma.

Þótt nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu tækist ekki að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuálagingsins var á því ein undantekning. Málefni Burma hafa verið fastur liður á dagskrá nefndarinnar undanfarna áratugi. Burma sem hefur legið undir ámæli og gagnrýni fyrir viðvarandi brot á alþjóðasamþykkt ILO nr. 29, um afnám nauðungarvinnu. Í skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis hefur verið gerð grein fyrir málavöxtum. Málið snýst um lög sem veita sveitar- og

borgarstjórnnum, og raunar öðrum stjórnvöldum, víðtækar heimildir til að kveðja fólk til vinnu. Ákvæði þessarar löggjafar hafa um áratuga skeið verið misnotuð, einkum af herforingjastjórninni sem hefur setið á valdastólum í landinu.

Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar hefur í árlegri skýrslu sinni til Alþjóðavinnuálagingsins fjallað ítarlega um ástandið í Burma. Nefnd Alþjóðavinnuálagingsins hefur tekið undir kröfur sérfræðinganefnarinnar um úrbætur. Í umræðum um þetta mál hafa fulltrúar ríkisstjórnar Burma annaðhvort vísað á bug ásökunum um brot á alþjóðasamþykktum eða hampað innantómum loforðum um bót og betrun. Sagt er að dropinn holi steininn. Í þeim skýrslum um ástandið í Burma sem lágu fyrir 101. Alþjóðavinnuálagingsinu kveður við annan tón. Á síðustu misserum hafa raunverulegar umbætur átt sér þar stað. Alþjóðavinnuálagstofnunin sendi sendinefnd til landsins í mars 2012 til að kanna ástand mála af eigin raun. Fram kom að fulltrúar herforingjastjórnarinnar hafi verið samvinnufúsir og upplýst greiðlega um framvinduna í landinu. Fram kom að ný vinnulöggjöf hafi tekið gildi á árinu 2012. Í framhaldi af þeirri gildistöku hafi 15 samtök launafólks verið skráð og 10 samtök atvinnurekenda. Þessu til viðbótar biðu 40 umsóknir afgreiðslu. Það sem ef til vill skiptir mestu í þessu sambandi var að lög sem banna nauðungarvinnu höfðu tekið gildi á árinu. Forseti landsins fylgdi gildistökuinni eftir með ávarpi 1. maí 2012 sem var útvarpað um allt landið, á öllum helstu tungumálum sem þar eru töluð. Yfirmaður herráðs Burma hefur gefið út fyrirmæli til allra hermanna um bann við nauðungarvinnu. Þeir sem sekir verða fundnir um slíkt athæfi verði sóttir til saka fyrir herra. Það er því ljóst að margvíslegar aðgerðir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í rúma tvo áratugi hafa borið árangur. Það þarf því ekki að koma á óvart að eftir að Aung San Suu Kyi, sem verið hefur í forystu andósaflanna gegn herforingjastjórninni, léti það verða sitt fyrsta verk eftir að hún var leyst úr stofufangelsi að ávarpa Alþjóðavinnuálagingsið. Að því er vikið á öðrum stað í þessari skýrslu.

2.6 LÁGMARKSRÉTTUR TIL FÉLAGSLEGRAR VERNDAR OG VELFERÐAR

Yfirstandandi banka- og fjármálakreppa hefur reynst ýmsum þjóðfélagshópum þungbær, einkum þeim sem standa lakast að vígi í atvinnulífnum. Afleiðingin er að meira en áður hefur reynt á kerfi félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga til að koma í veg fyrir að fólk hafni í bjargarleysi, fátækt og örbirgð. Því þótt tímabært að taka þetta málefni til umfjöllunar á Alþjóðavinnuálagingsinu.

Á starfstíma Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar hefur Alþjóðavinnuálagingsið afgreitt nokkrar samþykktir og tilmæli sem fjalla um almannatryggingar og rétt til félagslegs öryggis. Fulltrúi forstjóra alþjóðavinnuálagingsstofunnar vakti á því athygli við upphaf umræðna í þingnefnd um lágmarksrétt til félagslegs öryggis og velferðar að þetta væri í fyrsta skipti í 68 ár sem fyrir Alþjóðavinnuálagingsinu lægi tillaga að sjálfstæðum tilmælum um þetta efni. Alla jafna er því þannig verið að tilmæli fylgja samþykkt með hliðstæðum hætti og reglugerð er sett til fyllingar á ákvæðum laga. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að umræður í þingnefndinni ættu eftir að setja mark sitt á framtíðarstarf Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar á þessu sviði og hafa víðtæk áhrif á framvindu velferðarmála í heiminum á komandi áratugum.

Á fyrsta fundi þingnefndarinnar var Jean Feyder, sendiherra Lúxemborgar gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins voru kosnir Kris De Meester, fulltrúi atvinnurekenda í Belgíu, og Helen Y. Kelly, forseti Alþýðusambands Nýja-Sjálands. Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, var fulltrúi íslensks launafólks í nefndinni.

Þingnefndin afgreiddi til allsherjarþingsins tillögu að tilmælum um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar. Þau verða nr. 202. Allsherjarþing vinnuálagingsins samþykkti tillöguna með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Alls voru 453 samþykkir en einn sat hjá. Á því var vakin athygli að afgreiðsla tilmælanna bar upp á sama dag og Alþjóðavinnuálagið afgreiddi fyrir 60 árum samþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis, sem er ein af grundvallarsamþykktunum stofnunarinnar á sviði almannatrygginga. Hún hefur til þess dags verið fyrirmynd almannatryggingakerfa margra aðildarríkja Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Tilmælin um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar er leiðbeinandi en ekki skuldbindandi fyrir aðildarríkin við mótun, uppbyggingu og viðhaldi grunnalmannatryggingakerfis sem tryggir aðgang að heilsugæslu og lágmarks framfærslu allra þjóðfélagsþegna. Í ræðum sem fluttar voru við afgreiðslu tilmælanna kom fram sú skoðun að gildi þeirra felist m.a. í því að koma þeim til aðstoðar sem standa lakast að vígi í samfélaginu og sæta mismunun af margvíslegum toga. Einnig var lögð áhersla á að stjórnvöld hafi náði samráð við samtök aðila vinnuarkaðarins við að hrinda í framkvæmd markmiðum sem sett eru í tilmælunum. Þetta er undirstrikað í fyrstu greinum tilmælanna. Þar segir m.a. að skilgreina beri lágmarksrétt til félagslegrar verndar sem vernd almannatrygginga á landsvísi sem miðar að því að koma í veg fyrir eða draga úr fátækt, varnarleysi og félagslegri útskúfun. Síðar eru lagðar línur um það hvaða kröfur skuli uppfylla við framkvæmd tilmælanna. Komið verði á kerfi almannatrygginga sem byggi á félagslegum framlögum, að mælt sé fyrir í lögum um rétt til bóta og að bætur séu nægilegar og fyrirsjáanlegar. Gæta þurfi að jafnræði og jafnrétti kynja og þörfum fyrir sérúrræði sé mætt með skilningi. Allir í neyð hafi aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að þeim séu tryggðar tekjur fyrir kaupum á nauðsynlegri vöru og þjónustu samkvæmt skilgreiningu hlutaðeigandi aðildarríkis. Þannig hafi þeir einstaklingar framfærslu sem ekki geta unnið sér inn nægar tekjur vegna veikinda, atvinnuleysis, á meðgöngu, vegna fæðingar og eða vegna fötlunar.

Lagt er fyrir aðildarríkin að koma upp málskotskerfi þannig að einstaklingar geti leitað réttar síns telji þeir á sér brotið varðandi rétt til félagslegrar verndar verði þeir fyrir áföllum. Aðildarríkin geta farið ýmsar leiðir við að ákveða hvað skuli teljast lágmarksréttur til félagslegrar verndar. Einnig að því er varðar formið á aðstoð eða bótum.

Tilmæli nr. 202, um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar, eru birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

2.7 ATVINNMÁL UNGS FÓLKS

Atvinnumál ungs fólk eru reglulega til umfjöllunar á Alþjóðavinnuálagi. Á þinginu sumarið 2005 var afgreidd ítarleg tillaga um aðgerðir sem hafa að markmiði að fjölga tækifærum ungs fólks til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Nefnd voru velheppnuð dæmi sem gætu verið öðrum til leiðbeiningar. Að því er varðar almenna hagsstjórn var vakin á því athygli að atvinnumál ungs fólks eru nátengd aðstæðum á vinnuarkaði. Hins vegar koma sveiflur í efnahagslífinu með öðrum hætti við ungt fólk en þá sem hafa sterkari stöðu á vinnuarkaðnum. Þar af leiðandi væri nauðsynlegt að beita samræmdum atvinnuskapandi aðgerðum sem auki eftirspurn eftir vinnuafli. Í mörgum þróunarríkjum felist vandinn að hluta til í misræmi á milli menntunar og hæfni vinnuaflsins og þörf fyrir tækja fyrir starfsfólk með sérhæfingu. Viðbrögð við þessu gætu falist í því að gefa fólki annað tækifæri til menntunar. Þótt þannig hafi verið bent á ýmsar leiðir hafa aðstæður versnað frá árinu 2005, ekki síst vegna banka- og fjármálakreppunnar haustið 2008. Hún hefur komið harðast niður á ungu fólki. Þar af leiðandi var aðkallandi að fjalla að nýju um þetta brýna mál á Alþjóðavinnuálagi.

Þingnefnd um atvinnumál ungs fólks hélt sinn fyrsta fund þann 30. maí 2012. Á þeim fundi var Nouredine Baradad - Daïdj, sendiherra frá Alsír, kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosin þau Noura Saleh Alturki, fulltrúi atvinnurekenda í Saudi-Arabíu og Plamen Dimitrov, fulltrúi launafólks í Búlgaríu. Emalene Marcus - Burnett, fulltrúi ríkisstjórnar Barbados, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Hrafnhildur Stefánsdóttir var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda í nefndinni. Nefndin hélt samtals 15 fundi á þingtímanum.

Nefnd um atvinnumál ungs fólks afgreiddi tillögu um það efni til allsherjarþings vinnu-málaþingsins sem var samþykkt einróma. Með tillögunni er skorað á ríkisstjórnir og samtök aðila vinnuarkaðarins að grípa þegar í stað til markvissra aðgerða á nýjum sviðum. Með hliðsjón af versnandi stöðu ungs fólks á vinnuarkaðnum, vegna samdráttar í efnahagslífinu, er þörf á endurmati á forgangsmálum. Leggja þarf ríkari áherslu á að auka eftirspurn eftir vinnuafli sem skapi aðstæður fyrir hagvöxt sem allir eru sammála um að sé forsenda þess að hægt sé að takast á við þann vanda sem felst í atvinnuleysi ungs fólks. Að teknu tilliti til aðgerða, sem mælt er með í ályktun vinnuarkaðsins árið 2005, er lögð áhersla á það í nýju þingsályktuninni að markmiðið um fulla atvinnu eigi að vera markmið stefnu í efnahagsmálum. Ríkisstjórnir eru hvattar til að gefa gaum að margvíslegum efnahagsaðgerðum sem geta leitt af sér fleiri og betri störf. Þingsályktunin er aðgengileg á heimasíðu Alþjóðavinnuarkálastofnunarinnar. Þeir sem vilja kynna sér skýrslu nefndarinnar og þingsályktunina fylgi slóðinni:

http://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/101stSession/reports/provisional-records/WCMS_183323/lang--en/index.htm

2.8 SKÝRSLA UM FRAMKVÆMD SAMÞYKKT A UM GRUNDVALLARRÉTTINDI Í ATVINNULÍFINU

Umræður um áhrif hnattvæðingar atvinnu- og efnahagslífs á stöðu launafólks hefur verið umfangsmikil á undanförunum árum á vettvangi Alþjóðavinnuarkálastofnunarinnar. Í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra til Alþingis um 97. Alþjóðavinnuarkáðþingið 2008 er að finna yfirlit yfir þessar umræður. Þar kemur m.a. fram að á þinginu 2008 var samþykkt skuldbindandi yfirlýsing um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Gildi hennar felst fyrst og fremst í því að ríkisstjórnir, fulltrúar atvinnurekenda og launafólks lýsa yfir þörf fyrir nýja stefnu sem byggist á frjálsum og lýðræðislegum samfélögum þjóðanna sem virða félagslegt réttlæti, leggja áherslu á fulla og arðbæra atvinnu og félagslega samstöðu. Með yfirlýsingunni er viðurkenndur ávinningurinn af hnattvæðingu en jafnframt er hvatt til aðgerða í því skyni að hrinda í framkvæmd áætlun ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði þannig að arðinum sé skipt með sanngjörnum hætti milli allra.

Í yfirlýsingunni felst einnig að nýjum stöðum er skotið undir það hlutverk Alþjóðavinnuarkálastofnunarinnar að liðsinna aðildarríkjunum á virkan hátt til að beita sér fyrir umbótum og ná árangri og félagslegu réttlæti á grundvelli hinna fjögurra þátta í stefnu í ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði: Starfa fyrir vinnufúsar hendur, félagslegrar verndar, frelsis aðila vinnuarkaðarins til samningsgerðar og samstarfs þeirra við ríkisvaldið og virðingar fyrir grundvallargildum og réttindum í atvinnulífinu. Í henni er tekið fram að ákvæðin eru ekki valkvæð. Vanefnd á framkvæmd einhvers þessara fjögurra þátta torveldar að öðrum sé hrint í framkvæmd. Um sé að ræða sjálfstæða þætti sem verði að vinna saman svo árgangur náist.

Í skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um vinnuarkáðþingið 2008 er í ljósi þeirrar kreppu í efnahagsmálum sem blasir við fjölmörgum ríkjum dregið fram ákvæði í aðfararorðum yfirlýsingarinnar. Þar segir meðal annars að Alþjóðavinnuarkálastofnuninni sé falið að skoða og fjalla um öll alþjóðleg stefnumið í efnahags- og fjármálum út frá grundvallar-

markmiðum um félagslegt réttlæti og er í því sambandi vísað til yfirlýsingarinnar um grundvallarréttindi frá árinu 1998. Mikilvægi þessa ákvæðis felst í því að efla verður samvinnu og samráð alþjóðastofnana, sem fjalla um og móta stefnu í efnahags- og fjármálum, við Alþjóðavinnuálastofnunina. Hlutverk hennar verður að leggja mat á það hvaða áhrif efnahags- og fjármálastefnan hefur á framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1998 og stefnu stofnunarinnar varðandi grundvallarréttindi í atvinnulífinu og mannsæmandi vinnuskilyrði. Þetta leggur aðildarríkjunum þá skyldu á herðar að sjá til þess að við stefnumótun í hlutaðeigandi alþjóðastofnunum, til dæmis Alþjóðaviðskiptastofnuninni og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sé tekið tillit til þessara grundvallaratriða Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í félags- og vinnumálum.

Jafnframt var ákveðið að aðildarríkin tækju saman og gæfu Alþjóðavinnuálastofnuninni árlega skýrslu um hvern og einn framangreindra þátta þannig að hver skýrsluhringur tæki fjögur ár. Einnig var ákveðið að stofna fastanefnd á Alþjóðavinnuálagþinginu sem færi yfir samantekt á efni skýrslna aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykktu og setti fram tillögur um úrbætur. Með þessu var stefnt að því að alþjóðavinnuálastofnan fengi gleggri yfirsýn yfir framvindu í atvinnu- og efnahagsmálum í heiminum og gæti betur sniðið starfsemi sína að þörfum aðildarríkjanna. Á þessum grunni hefur verið unnið frá árinu 2008.

Þetta var í þriðja skiptið sem nefnd um grundvallarréttindi í atvinnulífinu starfaði á Alþjóðavinnuálagþinginu. Á þinginu árið 2010 fjallaði nefndin um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum um stefnu í vinnumálum og ári síðar um félagslega vernd. Að þessu sinni lá fyrir nefndinni samantekt alþjóðavinnuálastofnunar á framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum um grundvallarréttindi á vinnumarkaði. Þar vege þyngst samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Greg Vines, fulltrúi ríkisstjórnar Ástralíu. Varaformenn voru Edward Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Yves Veyrier, fulltrúi launafólks í Frakklandi. Nefndin fundaði 12 sinnum um þingtímann. Þegar flest var sátu samtals 178 fulltrúar fundi nefndarinnar; 94 fulltrúar ríkisstjórna, 24 fulltrúar atvinnurekenda og 60 fulltrúar launafólks.

Við upphaf nefndarstarfsins flutti fulltrúi forstjóra alþjóðavinnuálastofnunar ávarp. Það var Guy Ryder, sem síðan tók við starfi forstjóra 1. október 2012. Í máli hans kom fram að nefndarstarfið væri þriðja. Í fyrsta lagi snerist það um að ræða það hlutverk Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að standa vörð um og efla virðingu fyrir þeim fjórum grundvallarreglum og réttindum sem taka til eftirfarandi: félagafrelsis, nauðungarvinnu, vinnu barna og afnáms mismununar og misréttis að því er varðandi vinnu og starf. Í öðru lagi gefi nefndarstarfið tækifæri til að kanna hvernig þessar grundvallarreglur og réttindi geti mildað áhrifin af aðsteðjandi kreppu og varðað leiðina út úr henni. Það gæti í þriðja lagi skapað grundvöll fyrir vali á forgangsviðfangsefnum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í framtíðinni. Þær fjórar grundvallarreglur og réttindi sem koma fram í yfirlýsingunni frá árinu 1998, um féлага- og samningafrelsi, afnám hvers kyns nauðungarvinnu, aðgerðir til að afnema vinnu barna og um afnám hvers kyns misréttis í atvinnulífinu, tryggja að framfarir á sviði efnahags- og fjármála haldist í hendur við umbætur á sviði félagsmála.

Fulltrúi forstjórans vakti á því athygli að yfirlýsingin frá 1998 hafi haft þau áhrif að mikill meirihluti aðildarríkjanna hafi fullgilt grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og gripið til aðgerða í því skyni að lögfasta reglur og réttindi sem í þeim felast. Hann nefndi sem dæmi að þeim ríkjum færi fækkandi þar sem raunveruleg samtök aðila vinnumarkaðarins væru bönnuð eða við lýði væru lögboðin samtök launafólks. Þeim ríkjum færi einnig fækkandi þar sem nauðungarvinna væri látin viðgangast. Vinna barna væri á hröðu undanhaldi. Markviss og greinileg þróun eigi sér stað í átt til afnáms hvers kyns

misréttis. Síðast en ekki síst hafi yfirlýsingin frá 1998 mætt auknum skilningi og stuðningi meðal annars þeirra þjóðarleiðtoga sem tóku þátt í leiðtogafundi G-20 ríkjanna sem haldinn var í Cannes árið 2011.

Fylgiskjal 1

Tilmæli nr. 202, um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar.

Inngangsorð

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

er kom saman til 101. þingsetu sinnar í Genf hinn 30. maí 2012 eftir kvaðningu stjórnar-
nefndar alþjóðavinnuálastofnunar,

ítrekar að réttur til almannatrygginga sé mannréttindi og

áréttar að réttur til almannatrygginga sé, ásamt því að aukinni atvinnu, efnahagsleg og
félagsleg nauðsyn fyrir þróun og framfarir og

viðurkennir að almannatryggingar séu mikilvægt tæki til að koma í veg fyrir og draga úr
fátækt, misrétti, félagslegri útilokun og félagslegu óöryggi og til að stuðla að jöfnum
tækifærum og jafnrétti kynja og kynþátta ásamt því að styðja við umskiptin frá svartri vinnu
til skráðrar vinnu og

hefur í huga að almannatryggingar eru fjárfesting í fólki sem gerir því kleift að aðlagast
breytingum í efnahagslífinu og á vinnumarkaði og að almannatryggingakerfi hafi sjálfkrafa
félagsleg og efnahagsleg stöðugleikaáhrif, sem stuðli að því að örva heildareftirspurn á
tímum kreppu og til lengri tíma lítið sem og að styðja við umskipti til sjálfbærari efnahags
og

hefur í huga að forgangsröðun, sem miðar að sjálfbærum langtímahagvexti í tengslum við
félagslega þátttöku, stuðlar að því að sigrast megi á mikilli hátækt og draga úr félagslegum
ójöfnuði og mismun innan svæðis og milli landssvæða og

viðurkennir að umskipti til skráðrar vinnu og stofnunar sjálfbærra almannatryggingarkerfa
veiti gagnkvæman stuðning og

minnst þess að í Filadelfíuýfirlýsingunni er áréttað að það sé grundvallarskylda
Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að stuðla að því að „grípa til ráðstafana til að efla
almannatryggingar til að sjá öllum sem þarfnast slíkrar verndar fyrir lágmarkstekjum og
alhliða læknishjálp“ og

hefur í huga Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, einkum 22. og 25. gr. og
alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, einkum 9., 11. og 12.
gr. og

hefur einnig í huga reglur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, einkum samþykkt um lágmark
félagslegs öryggis frá 1952 (nr. 102), tilmæli um tekjutryggingu frá 1944 (nr. 67) og tilmæli
um læknishjálp frá 1944 (nr. 69), með hliðsjón af því að þessar reglur hafa viðvarandi
þýðingu og halda áfram að vera mikilvæg tilvísun til almannatryggingakerfa og reglna
Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

minnst þess að í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu er áréttað „að skuldbindingar og viðleitni aðilanna og stofnunarinnar til að ná markmiðum, sem sett eru í stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, þ.m.t. með setningu alþjóðlegra reglna um vinnuáðstæður, og með því að gera fulla og arðbæra vinnu og mannsæmandi vinnuskilyrði að kjarna í stefnu efnahags- og félagsmála, ættu þannig að byggjast á... ii) að þróa og efla ráðstafanir um félagslega vernd... sem eru sjálfbærar og aðlagðar að aðstæðum í hverju ríki fyrir sig, þ.m.t. að sjá öllum fyrir almannatryggingum“ og

hefur í huga að ályktunin og niðurstöður varðandi reglubundna umræðu um félagslega vernd (almannatryggingar) sem voru samþykktar á 100. Alþjóðavinnuálagþinginu (2011), þar sem þörfin á tilmælum til viðbótar núverandi viðmiðunum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um almannatryggingar er viðurkennd, og eru aðilum til leiðbeiningar um lágmarksrétt til félagslegrar verndar sem er sniðinn að aðstæðum á landsvísu og þróunarstigi og sem er hluti af alhliða almannatryggingakerfum og

hefur samþykkt tilteknar tillögur um lágmarksrétt til félagslegrar verndar, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla,

samþykkir í dag 14. júní 2012 eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til með heitinu tilmæli um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar, 2012.

I. MARKMIÐ, GILDISSVIÐ OG GRUNDVALLARREGLUR

1. Tilmæli þessi innihalda leiðbeiningar fyrir aðila:

- a) til að koma á og viðhalda, eftir því sem við á, lágmarksrétti til félagslegrar verndar, sem meginþætti í almannatryggingakerfum þeirra á landsvísu, og
- b) til að innleiða lágmarksrétt til félagslegrar verndar innan marka stefnu um að vikka gildissvið almannatrygginga sem tryggir í áföngum, eins mörgum og unnt er, viðtækari almannatryggingar með hliðsjón af reglum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um almannatryggingar.

2. Að því er varðar þessi tilmæli er lágmarksréttur til félagslegrar verndar skilgreindur sem vernd almannatrygginga á landsvísu sem tryggir vernd og miðar að því að koma í veg fyrir eða draga úr fátækt, varnarleysi og félagslegri útilokun.

3. Aðilar, sem viðurkenna meginábyrgð ríkisins á því að hrinda þessum tilmælum í framkvæmd, skulu beita eftirfarandi meginreglum:

- a) almennri vernd sem byggist á félagslegri samstöðu,
- b) rétti til bóta svo sem mælt er fyrir um í landslögum,
- c) að bætur séu nægilegar og fyrirsjáanlegar,
- d) sanngirni, kynjajafnrétti og skilningi á sérþörfum,
- e) félagslegri þátttöku, þ.m.t. einstaklingar í óformlega hagkerfinu,
- f) virðingu fyrir réttindum og reisn fólks sem nýtur verndar á sviði almannatrygginga,
- g) framkvæmd í áföngum, þ.m.t. með því að setja markmið og tímamörk,
- h) samstöðu í fjármögnun meðan reynt er að ná sem bestu jafnvægi ábyrgðar og hagsmuna þeirra sem fjármagna og njóta almannatrygginga,

- i) að tekið sé tillit til fjölbreytni í þeim aðferðum sem beitt er og nálgun, þ.m.t. fyrirkomulag fjármögnunar og kerfa sem notuð eru,
- j) gagnsæi, ábyrgð og áreiðanlegri fjármálastjórnun og stjórnsýslu,
- k) fjármálalegri, fjárhagslegri og efnahagslega sjálfbærni með tilhlýðilegu tilliti til félagslegs réttlætis og jafnræði,
- l) samræmi við stefnu í félagslegu, efnahagslegu og atvinnulegu tilliti,
- m) samræmi milli stofnana sem bera ábyrgð á að veita félagslega vernd,
- n) opinberri þjónustu í hæstu gæðum sem eflir skilvirkni almannatryggingakerfa,
- o) skilvirkni og aðgengi að kæru- og málskotsferli,
- p) reglulegu eftirliti með framkvæmd og reglubundnu mati,
- q) fullri virðingu fyrir kjarasamningaviðræðum og félagafrelsi fyrir alla starfsmenn, og
- r) þríhliða þátttöku fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launafólks, auk samráðs við önnur viðeigandi hagsmunasamtök einstaklinga sem málið varðar.

II. LÁGMARKSRÉTTUR TIL FÉLAGSLEGRAR VERNDAR Á LANDSVÍSU

4. Aðilar ættu, í samræmi við aðstæður á landsvísu, að koma á eins fljótt og unnt er og viðhalda lágmarksrétti til félagslegrar verndar sem felur í sér vernd almannatrygginga. Sú vernd ætti a.m.k. að tryggja að á æviskeiði sínu ættu allir sem þurfa að hafa aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og grundvallartekjuöryggi sem saman tryggi skilvirkan aðgang að vörum og þjónustu sem skilgreind er nauðsynleg á landsvísu.

5. Lágmarksréttur til félagslegrar verndar, sem um getur í 4. mgr., ætti a.m.k. að fela í sér eftirfarandi vernd almannatrygginga:

- a) aðgang að tiltekinni vöru og þjónustu á landsvísu, sem felur í sér nauðsynlega heilsugæslu, þ.m.t. viðurkennda fæðingarumönnun, sem uppfyllir þau skilyrði að vera til staðar, aðgengi sé tryggt og að hún uppfylli kröfur um gæði,
- b) grundvallartekjuöryggi fyrir börn, að minnsta kosti skilgreindu lágmarki á landsvísu, með aðgengi að næringu, menntun, umönnun og annarri nauðsynlegri vöru og þjónustu,
- c) grundvallartekjuöryggi, að minnsta kosti skilgreindu lágmarki á landsvísu, fyrir einstaklinga á starfsaldri, sem ekki geta unnið sér inn nægar tekjur, einkum í veikindatilvikum, við atvinnuleysi, á meðgöngu og við fæðingar og við fötlun, og
- d) grundvallartekjuöryggi, að minnsta kosti skilgreindu lágmarki á landsvísu, fyrir eldri einstaklinga.

6. Aðilum ber, með fyrirvara um gildandi alþjóðlegar skuldbindingar, að sjá a.m.k. öllum íbúum og börnum fyrir þeirri lágmarksvernd almannatrygginga sem um getur í þessum tilmælum, og kveðið er á um í landslögum og reglugerðum.

7. Lögfesta ætti lágmarksvernd almannatrygginga. Landslög og reglugerðir ættu að tilgreina umfang, skilyrði og stig bótanna sem þessi vernd veitir. Einnig ætti að skilgreina hlutlaust, gagnsætt, skilvirkt, einfalt, hraðvirkt, aðgengilegt og ódýrt kæru- og málskotsferli. Aðgangur að kæru- og málskotsferli ætti að vera ókeypis fyrir umsækjanda. Fyrir hendi ættu að vera kerfi sem auka samræmi við innlenda löggjöf.

8. Þegar lágmarksvernd almannatrygginga er skilgreind ættu aðilar að taka fullt tillit til eftirfarandi atriða:

- a) einstaklingar sem þurfa að nýta sér heilbrigðisþjónustu ættu ekki að þurfa að lenda í fjárhagslegum erfiðleikum þess vegna. Íhuga ætti ókeypis læknishjálp á meðgöngu og eftir fæðingu fyrir þær konur sem lakast standa,
- b) grundvallartekjutrygging ætti að tryggja afkomu með reisu. Skilgreindar lágmarkstekjur á landsvísu gætu samsvarað peningalegu verðmæti tiltekinna nauðsynjavara og þjónustu sem miðast við fátæktarmörk á landsvísu eða tekjumörk fyrir félagslega aðstoð og önnur sambærileg viðmiðunarmörk sett með lögum eða samkvæmt venju að teknu tilliti til breytileika eftir svæðum,
- c) endurskoða ætti viðmið lágmarksverndar almannatrygginga reglulega með gagnsæri málsmeðferð svo sem kveðið er á um í landslögum, reglugerðum eða samkvæmt venju, eftir því sem við á, og
- d) með tilliti til stofnsetningar og endurskoðunar viðmiða þessarar verndar ætti að tryggja þríhliða þátttöku fulltrúasamtaka atvinnurekenda og launafólks, auk þess að hafa samráð við önnur hlutaðeigandi fulltrúasamtök einstaklinga.

9.

1) Við útfærslu lágmarksverndar almannatrygginga ættu aðilar að íhuga mismunandi aðferðir við að innleiða, á landsvísu, áhrifaríkustu og skilvirkustu samsetningu bóta og tryggingakerfa.

2) Bætur geta verið í formi barna- og fjölskyldubóta, sjúkra- og heilbrigðisþjónustubóta, mæðralauna, örorkubóta, ellilífeyrisbóta, bóta til eftirlifenda, atvinnuleysisbóta og bóta sem tryggi atvinnu, sem og vinnuslysabóta og annarra félagslegra bóta í fê eða fríðindum.

3) Tryggingakerfi sem veita slíkar bætur geta verið almannatryggingar, iðgjaldatryggingakerfi, félagsleg aðstoðarkerfi, neikvæð tekjuskattskerfi, opinber atvinnukerfi og opinber atvinnubótavinna.

10. Við skilgreiningu og innleiðingu lágmarksréttar til félagslegrar verndar á landsvísu ættu aðilar:

- a) að samþætta fyrirbyggjandi ráðstafanir, og kynna bætur og félagslega þjónustu,
- b) að stuðla að arðbærri efnahagslegri starfsemi og skráðri vinnu sem byggist á stefnu sem felur í sér opinber innkaup, lánaþyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda, vinnueftirlit, atvinnumarkaðsstefnu og skattaávilnun sem allt stuðlar að menntun, starfsþjálfun, framleiðslufærni og starfshæfni, og
- c) að tryggja samræmi við aðra stefnumörkun sem stuðlar að sköpun fastrar atvinnu, tekjumyndun, menntun, læsi, starfsþjálfun, færni og starfshæfni sem dregur úr óvissu og stuðlar að öruggri vinnu, frumkvöðlastarfsemi og sjálfbærni fyrirtækja innan ramma mannsæmandi vinnuskilyrða.

11.

1) Aðilar ættu að íhuga að nota margs konar aðferðir til að virkja nauðsynleg úrræði í því skyni að tryggja fjármálalega, fjárhagslega og efnahagslega sjálfbærni og lágmarksrétt til

félagslegrar verndar á landsvísu, að teknu tilliti til greiðslugetu ólíkra þjóðfélagshópa. Slíkar aðferðir geta falið í sér, ein eða fleiri saman, skilvirka framkvæmd skatta- og iðgjalds-skuldbindinga, endurforgangsröðun útgjalda eða víðtækari og stigvaxandi tekjugrunn.

2) Við beitingu slíkra aðferða ættu aðilar að íhuga þörfina á að hrinda af stað ráðstöfunum til að koma í veg fyrir svik, undanskot frá skatti sem og greiðslufall iðgjalda.

12. Fjármagna ætti lágmarksrétt til félagslegrar verndar á landsvísu með innlendum fjármunum. Aðilar sem búa við það að efnahagsleg og fjárhagsleg geta nægir ekki til að verndargeta leitað eftir alþjóðlegri samvinnu til viðbótar þeirra eigin viðleitni.

III. ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU UM AÐ VÍKKA GILDISSVIÐ ALMANNATRYGGINGA

13.

1) Aðilar ættu að móta og innleiða áætlanir um að víkka gildissvið almannatrygginga á landsvísu og byggja þannig á virku almennu samráði og félagslegri þátttöku. Áætlanir á landsvísu ættu:

- a) að stuðla að upptaka lágmarksréttar til félagslegrar verndar verði forgangsmál fyrir lönd þar sem slíkur lágmarksréttur er enn ekki viðurkenndur sem grundvallarþáttur almannatrygginga á landsvísu og
- b) að leitast við að veita eins mörgum og unnt er og eins fljótt og auðið er meiri vernd, sem þannig endurspeglar efnahagslega og fjárhagslega getu aðila.

2) Í þessu skyni ættu aðilar smám saman að byggja upp og viðhalda víðtækum og fullnægjandi almannatryggingakerfum í samræmi við stefnumið á landsvísu og leitast þannig við að samræma stefnumótun í almannatryggingum við aðra opinbera stefnumótun.

14. Við mótun og framkvæmd áætlana til að víkka gildissvið almannatrygginga á landsvísu ættu aðilar:

- a) að setja fram markmið sem endurspeglar forgangsmál á landsvísu,
- b) að greina gloppur og hindranir sem standa í vegi fyrir vernd,
- c) að leitast við að loka gloppum í vernd með viðeigandi og áhrifaríkum samræmdum kerfum, hvort sem um er að ræða iðgjaldakerfi eða ekki þ.m.t. með útvíkkun núverandi iðgjaldakerfa í þágu allra hlutaðeigandi einstaklinga með greiðslugetu,
- d) að efla almannatryggingar með virkri vinnumarkaðsstefnu, þ.m.t. starfsþjálfun og öðrum ráðstöfunum, eftir því sem við á,
- e) að tilgreina fjárhagslegar kröfur og úrræði sem og tímamörk og forgangsröðun þannig að markmiðum verði náð stig af stigi og
- f) að vekja fólk til vitundar um lágmarksrétt sinn til félagslegrar verndar auk stefnu um að víkka gildissvið hennar og gera áætlanir um upplýsingagiöf, þ.m.t. samráð við aðila vinnumarkaðarins.

15. Áætlanir um að víkka út almannatryggingar á landsvísu ættu að taka til einstaklinga bæði í formlega og óformlega hagkerfinu og stuðla þannig að aukinni atvinnusköpun og draga úr

svartri vinnu. Þetta ætti að vera í samræmi við og stuðla að framkvæmd félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þróunaráætlana aðila.

16. Áætlanir um að vikka út almannatryggingar á landsvísu ættu að tryggja stuðning við alla hópa sem eiga erfitt uppdráttar, einnig fólk með sérþarfir.

17. Við uppbyggingu alhliða almannatryggingakerfa sem endurspeglar, forgangsöröðun, efnahagslegt og fjárhagslegt bolmagn á landsvísu ættu aðilar að stefna að því að ná því umfangi bóta sem sett er fram í samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 (nr. 102) eða í öðrum samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnuáráðs um almannatryggingar.

18. Aðilar ættu að íhuga að fullgilda, eins fljótt og aðstæður leyfa, samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 (nr. 102). Enn fremur ættu aðilar að íhuga að fullgilda, eða hrinda í framkvæmd eftir því sem við á, öðrum samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnuáráðs um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 (nr. 102) þar sem kveðið er á um þróaðri reglur.

IV. EFTIRLIT

19. Aðilar ættu að fylgjast með framvindu við innleiðingu lágmarksréttar til félagslegrar verndar til að ná öðrum markmiðum áætlana um að vikka gildissvið almannatryggingar á landsvísu. Annars með því að grípa til viðeigandi úrræða sem skilgreind eru á landsvísu, þ.m.t. þríhliða þátttaka heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks, auk samráðs við önnur hlutaðeigandi fulltrúasamtök einstaklinga.

20. Aðilar ættu að efna reglulega til samráðs á landsvísu til að meta framfarir og ræða stefnumótun um frekari alhliða víkkun gildissviðs almannatrygginga.

21. Að því er varðar 19. mgr. ættu aðilar að staðaldri að safna, taka saman, greina og birta viðeigandi umfang gagna um almannatryggingar, tölfræði og hagvísu, einkum sundurgreint eftir kyni.

22. Við þróun eða endurskoðun á hugtökum, skilgreiningum og aðferðafræði, sem beitt er við samantekt gagna, hagtalna og hagvísu á sviði almannatrygginga, ættu aðilar að hafa hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðavinnuáráðs um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 (nr. 102). Einkum, eftir því sem við á, ályktun um þróun hagtalna á sviði almannatrygginga sem samþykkt var á níundu Alþjóðaráðstefnu tölfræðinga á sviði vinnumála.

23. Aðilar ættu að setja lagaramma til að tryggja og vernda persónuupplýsingar sem er að finna í gagnagrunnum almannatryggingakerfa þeirra.

24.

1) Aðilar eru hvattir til að skiptast á upplýsingum um reynslu og þekkingu á sviði almannatrygginga, stefnumótunar og aðferða bæði sín á milli og við Alþjóðavinnuáráðskrifstofuna.

2) Við framkvæmd þessara tilmæla geta aðilar leitað tæknilegrar aðstoðar Alþjóðavinnuáráðs um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 (nr. 102) og annarra viðeigandi Alþjóðastofnana í samræmi við það umboð sem þær hafa.

Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árunum 2009 - 2012.

Eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna er aðild fulltrúa atvinnurekenda og launafólks að stjórnnum, nefndum og ráðum stofnunarinnar. Samstarf fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks var á vettvangi alþjóðastofnunar óþekkt árið 1919 þegar ILO hóf starfsemi. Stofnunin hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir þannig að þær taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins skipuð 16. apríl 1982 en hún fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin.

Á árunum 2009 – 2011 skipuðu eftirtaldir aðilar nefndina: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Fulltrúi félagsmálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar: Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Í framhaldi af stofnun velferðarráðuneytisins 1. janúar 2011 var ákveðið að endurnýja umboð nefndarinnar. Velferðarráðherra endurskipaði nefndina í ágúst 2012 að þessu sinni með varamönnum. Frá þeim tíma skipa eftirtaldir nefndina: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar er Álfheiður M. Sívertsen lögmaður SA. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans er Marianna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum. Fulltrúi velferðarmálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar er Gylfi Kristinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Varamaður hans er Rán Ingvarsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina vegna aðildar að stofnuninni. Árið 2009 hélt nefndin samtals þrjá fundi, árið 2010 tvo fundi, árið 2011 þrjá fundi og samtals fimm fundi árið 2012. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar á sviði félags- og vinnumála.

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykktar sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallar-samþykktunum en yfirleitt er skýrslutímabilið fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum eru þær umfangsmeiri einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktanna sem Ísland hefur fullgilt:

- Nr. 11, um félagafrelsi starfsmanna í landbúnaði,
- nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
- nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun,
- nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess,
- nr. 98, um samningafrelsi,
- nr. 100, um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,
- nr. 105, um afnám nauðungarvinnu,
- nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs,
- nr. 122, um stefnu í vinnumálum,
- nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði,
- nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu,
- nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnunum,
- nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á svið vinnumála,
- nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð,
- nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

b. Undirbúningur fyrir Alþjóðavinnumálalæpingið og þátttaka í því.

98. Alþjóðavinnumálalæpingið 2009.

ILO-nefndin fjallaði á tveimur fundum á árinu 2009 um 98. Alþjóðavinnumálalæpingið sem haldið var í júní það ár. Meðal þess sem þar kom fram var að félags- og tryggingamálaráðuneytinu hafi 28. apríl sl. borist afrit af bréfi til forsætisráðherra Íslands, Jóhönnu Sigurðardóttur, frá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Juvan Somavia, um að taka þátt í leiðtogafundi sem haldinn yrði í tengslum við Alþjóðavinnumálalæpingið um vandann í atvinnu- og efnahagsmálum heimsins. Í bréfi forstjórans er vísað til þess að G20 leiðtogafundurinn sem haldinn var skömmu áður í London hafi skuldbundið sig til leggja atvinnusköpun lið með því að örva hagvöxt, fjárfesta í menntun og þjálfun og með virkum vinnumarkaðsaðgerðum þar sem lögð yrði áhersla á að verja þá sem standa lakast að vígi í samfélaginu. Fundurinn fól Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO), í samvinnu við aðrar hlutadeigandi alþjóðastofnanir, að leggja mat á aðgerðir sem þegar hafði verið gripið til og leggja fram tillögur um það sem kynni að vera nauðsynlegt að grípa til í framtíðinni. Það sé í þessu sambandi sem Alþjóðavinnumálastofnunin boði til leiðtogafundarins í tengslum við Alþjóðavinnumálalæpingið. Ekki gat orðið af þátttöku forsætisráðherra í fundinum.

Á seinni fundinum var skipst á skoðunum um skipulag og framvindu 98. Alþjóðavinnumálalæpingisins. Fram kom að þær breytingar á dagskrá þingsins sem ákveðið var að gera í ljósi efnahagskreppunnar hafi heppnast vel. Sérfræðingar í efnahags- og vinnumálum frá öllum heimshornum voru fengnir til að flytja erindi, taka þátt í pallborðsumræðum og svara fyrirspurnum um áhrif efnahagskreppunnar á atvinnu- og félagsmál og setja fram tillögur um viðbrögð. Þessum þætti þingsins lauk með fundi þjóðarleiðtoga og afgreiðslu yfirlýsingar um aðgerðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins til að mæta áhrifum kreppunnar og marka stefnu sem leiði til bata í atvinnu- og efnahagsmálum.

99. Alþjóðavinnumálalæpingið 2010.

Nefndin fór vorið 2010 yfir dagskrármál 99. Alþjóðavinnumálalæpingisins. Fastir liðir á dagskrá þingsins voru skýrslur formanns stjórnarnefndar og forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Einnig skýrsla um framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

um grundvallarréttindi í atvinnulífinu, sem og fjárhags- og starfsáætlun. Loks voru umræður um framkvæmd samþykktu og tilmæla Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Önnur mál á dagskrá þingsins voru fyrri umræða um vinnuskilyrði þjónustufólks á heimilum (domestic workers). Seinni umræða var um stöðu þeirra sem stunda atvinnu og eru sýktir af HIV/Alnæmi. Umræðunni um þennan dagskrárlið lauk með afgreiðslu tilmæla til aðildarríkjanna um það efni. Á dagskrá þingsins var einnig umræða um stefnu í vinnumálum á grundvelli yfirlýsingar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá árinu 2008 um sanngjarna hnattvæðingu fyrir félagslegt réttlæti. Loks voru á dagskrá þingsins umræður um endurskoðun á áætlun um framkvæmd á yfirlýsingu ILO frá árinu 1998 um grundvallarréttindi í atvinnulífinu.

100. Alþjóðavinnuálagþingið 2011.

Samstarfsnefndin um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar fór yfir dagskrármálefni 100. Alþjóðavinnuálagþingsins á 285. fundi sínum þann 13. maí 2011. Fram kom að fyrir fjárhagsnefnd þingsins lá fyrir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árin 2012-2013. Einnig að fjalla um endurskoðaða reikninga fyrir tímabilið sem endaði 31. desember 2010. Á dagskrá nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu var að fara yfir framkvæmd aðildarríkjanna á almannatryggingasamþykktum ILO. Þær samþykktir sem einkum komu til álita voru samþykktir nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis, nr. 168, um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi, tilmæli nr. 67, um lágmarkstekjutryggingu, og nr. 69, um lækni-aðstoð. Höfuðviðfangsefni nefndarinnar var samt ræða framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO.

Á þinginu fór fram almenn umræða um stjórnarsýslu vinnumiðlunar og vinnuverndarmála. Alþjóðavinnuálagskrifstofan hafði tekið saman skýrslu til undirbúnings umræðum í nefndinni. Í henni er dregið fram hvernig gott skipulag á stjórnarsýslu vinnumála og vinnuverndarmála getur haft jákvæð áhrif á framvinduna á vinnumarkaðnum og skapað jafnvægi í þróun efnahagsmála og stuðlað að virkri framkvæmd á alþjóðasamþykktum á sviði vinnumála.

Á þinginu fór fram síðari umræða um tillögu að alþjóðasamþykkt og tilmæli um vinnu-aðstæður þjónustufólks á heimilum.

Árið 2008 samþykkti Alþjóðavinnuálagþingið yfirlýsingu um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Með yfirlýsingunni var fylgiskjal þar sem alþjóðavinnuálagskrifstofunni var falið að taka reglulega saman skýrslur um framkvæmd á samþykktum á fjórum málefnaviðum. Á 100. Alþjóðavinnuálagþinginu var rædd skýrsla um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem taka til almannatrygginga.

101. Alþjóðavinnuálagþingið 2012.

Við yfirferð málefna á dagskrá 101. Alþjóðavinnuálagþingsins í maí 2012 kom fram á fundi samstarfsnefndarinnar að Ísland var á skrá yfir þau ríki sem áttu að koma fyrir þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu til að gera grein fyrir framkvæmd á fullgiltum samþykktum. Í ljós kom að fulltrúa íslenskra stjórnvalda var ætlað að gera grein fyrir framkvæmd á alþjóðasamþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra. Ástæðan var sú að talið var að Ísland gæti orðið öðrum ríkjum fyrirmynd við framkvæmd samþykktarinnar. Lagt var í nokkra vinnu við að undirbúa kynningu á þinginu á framkvæmd samþykktarinnar á Íslandi. Ekki kom til þess að kynningin yrði flutt vegna ágreinings sem upp kom í þingnefndinni og vikið er að í skýrslu velferðarráðherra til Alþingis um 101. Alþjóðavinnuálagþingið.

Annað tveggja höfuðmálefna þingsins var atvinnuleysi ungs fólks sem hefur aukist mikið í heiminum á síðustu misserum og veldur verulegum áhyggjum. Fyrir þinginu lágu skýrslur

til undirbúnings umræðum. Meðal þess sem fjallað er um í skýrslunum eru aðgerðir til hagsbóta fyrir þá sem hafa flosnað upp úr skóla og ekki lokið formlegri starfsmenntun.

Hitt málefnið sneri að hnattvæðingunni og almannatryggingum. Fyrir Alþjóðavinnu-málaþinginu lágu drög að tilmælum til aðildarríkjanna um að tryggja ákveðin lágmarksréttindi til almannatrygginga og framfærslu. Á fundi samstarfsnefndarinnar kom fram að Íslandi hafi tekist nokkuð vel að tryggja hag þeirra sem lakast standa í samfélaginu í þeim fjárhagslegu hremmingum sem þjóðin hefur lent í. Ísland hafi því ýmislegt fram að færa í umræðum um þetta málefni.

Loks var á dagskrá þingsins árleg skýrsla um framkvæmd á tilteknum grundvallar-samþykktum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar. Skýrslan er ýmist rædd í sérstakri þingnefnd eða nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu. Að þessu sinni fjallaði skýrslan um framkvæmd á samþykktum um félagafrelsi, um samningafrelsi, um afnám hvers kyns nauðungar-vinnu og um afnám hvers kyns misréttis í vinnu og starfi.

c. Fullgildingar á alþjóðasamþykktum.

Alþjóðasamþykkt ILO nr. 88 og 181, um vinnumiðlun.

Á fundi samráðsnefndarinnar í apríl 2011 var farið yfir athugasemdir sem sérfræðinganefnd Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar hafði gert við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Athugasemdir við framkvæmd samþykktar nr. 2, um aðgerðir gegn atvinnuleysi, var meðal þess sem var rætt um. Sérfræðinganefndin beinir því til íslenskra stjórnvalda að taka til athugunar að fullgilda samþykkir nr. 88 og nr. 181 um vinnumiðlun. Nefndin samþykkti að taka þetta til athugunar og leita umsagnar nokkurra aðila um hugsanlega fullgildingu. Þetta málefni er enn til umfjöllunar hjá nefndinni.

Alþjóðasamþykkt nr. 189, um þjónustufólk á heimilum.

Á 288. fundi samráðsnefndarinnar í júní 2012 var upplýst að velferðarráðherra hafi borist erindi frá *Human Rights Watch* þar sem því er beint til íslenskra stjórnvalda að þau fullgildi samþykkt nr. 189, um þjónustufólk á heimilum, sem afgreidd var á 100. Alþjóðavinnu-málaþinginu árið 2011. Í þessu sambandi var minnt á skyldu ráðherra til að kynna fyrir Alþingi samþykktir sem Alþjóðavinnu-málaþingið gerir. Þetta er gert í skýrslu ráðherra til Alþingis. Með kynningunni verður að fylgja tillaga ráðherra um aðgerðir til að fylgja eftir efni samþykktarinnar. Um þá tillögugerð ber að hafa samráð við fulltrúa samtaka aðila vinnu-markaðarins og er það gert á vettvangi ILO nefndarinnar. Á fundinum kom fram að stefnt er að því að gera Alþingi grein fyrir Alþjóðavinnu-málaþingunum sem haldin voru árin 2009, 2010 og 2011 í einni skýrslu sem lögð verður fyrir Alþingi fyrir þingrof vorið 2013. Nefndin hefur ekki lokið umfjöllun sinni um þetta málefni.

Alþjóðasamþykkt nr. 187, um vinnuvernd.

Árið 2007 fjallaði ILO-nefndin einnig um hugsanlega fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykkt nr. 187, um vinnuvernd. Meðal annars var farið yfir umsögn Vinnueftirlits ríkisins um málið. Meginniðurstaða Vinnueftirlitsins er sú að íslensk lög og reglur uppfylli ekki kröfur sem samþykktin geri um söfnun upplýsinga um vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Fram kemur að ástæðan sé sú að ekki hafi verið sett reglugerð um að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli slysatryggðir þrátt fyrir að slíkt sé heimilt í 5. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar. Þar af leiðandi liggja ekki fyrir hagtölur um atvinnusjúkdóma eins og krafist sé í samþykktinni. Vinnueftirlit ríkisins bendir í bréfi sínu á fleiri atriði þessu tengt. Aðstæður hafa að ýmsu leyti breyst frá því nefndin fjallaði um þetta málefni árið 2007. Nefndin samþykkti þar af leiðandi haustið 2012 að taka málið upp og leita að nýju umsagnar

Vinnueftirlitsins um hugsanlega fullgildingu samþykktarinnar. Nefndin hefur ekki lokið umfjöllun um þetta málefni.

d. Skýrsla félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Árið 2012 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 101. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 30. maí til 14. júní 2012. Í skýrslunni eru birt tilmæli nr. 202, um lágmarksrétt til félagslegrar verndar.

Samþykktir Alþjóðavinnuálagingsins 1919–2012.

Hér á eftir fer skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnuálagingu árin 1919–2012. Athygli er vakin á athugasemdum aftanmáls við nokkrar af samþykktunum. Fjöldi fullgildinga kemur fram í seinni sviganum.

- | Nr. | Heiti samþykktar: |
|-----|--|
| 1. | Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919) (52). |
| 2. | Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919) (57). |
| 3. | Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919) ² (34). |
| 4. | Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919) ^{2/5} (58). |
| 5. | Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919) ² (72). |
| 6. | Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919) ² (59). |
| 7. | Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920) ² (53). |
| 8. | Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920) (60). |
| 9. | Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920) (41). |
| 10. | Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921) ² (55). |
| 11. | Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921) (122). |
| 12. | Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921) ² (77). |
| 13. | Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) (63). |
| 14. | Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921) (119). |
| 15. | Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (1921) ^{2/5} (69). |
| 16. | Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglungum við sjómennsku (1921) (82). |
| 17. | Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925) ² (74). |
| 18. | Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925) ² (68). |
| 19. | Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925) (121). |
| 20. | Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925) ⁵ (17). |
| 21. | Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926) ⁵ (33). |
| 22. | Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926) (60). |
| 23. | Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926) (47). |
| 24. | Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927) ² (29). |
| 25. | Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927) ² (21). |
| 26. | Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarksalaun (1928) (104). |
| 27. | Samþykkt um að þyngd skuli letuð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929) (66). |
| 28. | Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929) ² (4). |
| 29. | Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930) (175). |
| 30. | Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930) (30). |
| 31. | Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931) ^{2/4} (2). |
| 32. | Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932) ³ (46). |

33. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932)³ (25).
34. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933)³⁾⁵ (11).
35. Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)³⁾⁵ (11).
36. Samþykkt um skylduelli tryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)³⁾⁵ (10).
37. Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verslunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)³⁾⁵ (11).
38. Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)³⁾⁵ (10).
39. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum, mönnum sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)³⁾⁵ (8).
40. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum og landbúnaðarverkamönnum (1933)³⁾⁵ (7).
41. Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934)³⁾⁵ (38).
42. Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934)² (53).
43. Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðum (1934)⁵ (13).
44. Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934)⁵ (14).
45. Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935) (98).
46. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935)⁴ (3).
47. Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935) (15).
48. Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935)³⁾⁵ (11).
49. Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935)⁵ (10).
50. Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936)⁵ (33).
51. Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936)³ (0).
52. Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936)³ (54).
53. Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936) (37).
54. Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936)³⁾⁴ (6).
55. Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936) (18).
56. Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936) (20).
57. Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936)²⁾⁴ (3).
58. Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)² (51).
59. Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937)² (36).
60. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937)² (11).
61. Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937)⁴ (0).
62. Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937) (30).
63. Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuíðnaðar, þar á meðal byggingavinnu svo og landbúnaði (1938)² (34).
64. Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939)⁵ (31).
65. Samþykkt um refsiakvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939)⁵ (33).

66. Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939)²³ (0).
67. Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939)³ (4).
68. Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) (25).
69. Samþykkt um útgáfu hæfnisskirteina fyrir matsveina á skipum (1946) (38).
70. Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946)¹ (7).
71. Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) (13).
72. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946)³⁴ (5).
73. Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) (46).
74. Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946) (29).
75. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946)³⁴ (5).
76. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946)²⁴ (0).
77. Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglunga til iðnaðarstarfa (1946) (43).
78. Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglunga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (39).
79. Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglunga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946) (20).
80. Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (1946)⁴ (57).
81. Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947) (143).
82. Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947) (4).
83. Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947) (2).
84. Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947) (9).
85. Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947) (11).
86. Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947)⁵ (23).
87. Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948) (151).
88. Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948) (89).
89. Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (67).
90. Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948) (51).
91. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949)³ (25).
92. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) (47).
93. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949)²⁴ (5).
94. Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949)(62).
95. Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) (97).
96. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949) (42).
97. Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949) (49).
98. Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949) (161).
99. Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951) (53).
100. Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951) (169).

101. Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952)² (46).
102. Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952) (47).
103. Samþykkt um mæðravernd (1952) (41).
104. Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955)⁵ (26).
105. Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957) (172).
106. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957) (63).
107. Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957) (27).
108. Samþykkt um persónuskirteini sjómanna (1958) (64).
109. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958)² (15).
110. Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958) (12).
111. Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958) (170).
112. Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959) (29).
113. Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959) (30).
114. Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959) (23).
115. Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960) (49).
116. Samþykkt um breytingu á samþykktum gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, í því skyni og samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um framkvæmd samþykktu (1961)⁴ (77).
117. Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962) (32).
118. Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962) (38).
119. Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963) (52).
120. Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964) (51).
121. Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964) (24).
122. Samþykkt um stefnu í atvinnuálagmálum (1964) (106).
123. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965)² (41).
124. Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965) (41).
125. Samþykkt um hæfnisskirteini fiskimanna (1966) (10).
126. Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966) (23).
127. Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967) (29).
128. Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967) (16).
129. Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969) (52).
130. Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969) (15).
131. Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970) (51).
132. Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970) (36).
133. Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði 1970) (32).
134. Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970) (29).
135. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971) (84).
136. Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá bensení (1971) (38).
137. Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973) (25).
138. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973) (163).
139. Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (1974) (39).

140. Samþykkt um námsleyfi með launum (1974) (34).
141. Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (1975) (40).
142. Samþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975) (67).
143. Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975) (23).
144. Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976) (133).
145. Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976) (17).
146. Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976) (17).
147. Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976) (56).
148. Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977) (45).
149. Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977) (40).
150. Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978) (72).
151. Samþykkt um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978) (48).
152. Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979) (26).
153. Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979) (9).
154. Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981) (43).
155. Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981) (60).
156. Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981) (41).
157. Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum (1982) (4).
158. Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982) (36).
159. Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983) (82).
160. Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985) (49).
161. Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985) (31).
162. Samþykkt um öryggi við notkun asbests (1986) (35).
163. Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987) (18).
164. Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987) (15).
165. Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987) (3).
166. Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987) (14).
167. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði (1988) (24).
168. Samþykkt um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi (1988) (8).
169. Samþykkt um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum (1989) (22).
170. Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu (1990) (17).
171. Samþykkt um næturvinnu (1990) (11).
172. Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum (1991) (15).
173. Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda (1992) (20).
174. Samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum (1993) (17).
175. Samþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf (1994) (14).
176. Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum (1995) (26).
177. Samþykkt um heimastörf (1996) (10).
178. Samþykkt um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja (1996) (15).
179. Samþykkt um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm (1996) (10).
180. Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa (1996) (21).

181. Samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur (1997) (25).
182. Samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana (1999) (175).
183. Samþykkt um mæðravernd (2000) (26).
184. Samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði (2001) (14).
185. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (2003) (24).
186. Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna (2006)¹(32).
187. Samþykkt um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu (2006) (24).
188. Samþykkt um vinnu við fiskveiðar (2007)¹ (2).
189. Samþykkt um þjónustufólk á heimilum (2011)¹ (3).

Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar.
(Dagsetning á skráningu fullgildingar er innan sviga.)

1. Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (17. febrúar 1958).
2. Nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (21. ágúst 1956).
3. Nr. 15, um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (21. ágúst 1956).
4. Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (17. febrúar 1958).
5. Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (21. ágúst 1956).
6. Nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun (24. mars 2009)
7. Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess (19. ágúst 1950).
8. Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn (1952).
9. Nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (15. júlí 1952).
10. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (17. febrúar 1958).
11. Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis (20. febrúar 1961).
12. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1960).
13. Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna (26. október 1970).
14. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (29. júlí 1963).
15. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (22. júní 1990).
16. Nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði (24. mars 2009).
17. Nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu (6. desember 1999).
18. Nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum (21. júní 1991).
19. Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (30. júní 1981).
20. Nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum (11. maí 1999).
21. Nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (21. júní 1991).
22. Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (22. júní 2000).
23. Nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (22. júní 1990).
24. Nr. 182, um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana (22. júní 2000).

Athugasemdir:

- 1) Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.
- 2) Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.
- 3) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.
- 4) Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi. Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.
- 5) Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að Alþjóðavinnnumálaþingið hefur lýst hana úrelta.